# Reynsla og aðstæður kvenna með örorkulífeyri

## Samanburðarrannsókn

Júlí, 2025

HÍ | FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

**Lýsing á rannsókn**

| | |
|---|---|
| Unnið fyrir | Tryggingastofnun |
| Markmið rannsóknar | Markmið rannsóknarinnar er að athuga hvað það er í reynsluheimi og aðstæðum kvenna sem gerir það að verkum að á aldrinum 50 til 66 ára eru þær líklegri en karlar til að fá örorkulífeyri. |

**Ábyrgðaraðilar**

| | |
|---|---|
| Útgefandi | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2025 |
| Skýrsluhöfundar | Ari Klængur Jónsson<br>Stefán Þór Gunnarsson<br>Guðlaug Júlía Sturludóttir<br>Ásdís A. Arnalds |

# EFNISYFIRLIT

**TÖFLUYFIRLIT** ..... 4
**MYNDAYFIRLIT** ..... 6
**SAMANTEKT** ..... 11
HELSTU NIÐURSTÖÐUR ..... 11
**INNGANGUR** ..... 14
**AÐFERÐ** ..... 15
ÚRTAK OG SVÖRUN KÖNNUNAR ..... 15
ÚRVINNSLA ..... 16
**NIÐURSTÖÐUR** ..... 17
UM ÞÁTTTAKENDUR ..... 17
BAKGRUNNUR ÞÁTTTAKENDA ..... 19
VINNUMARKAÐUR ..... 27
FJÖLSKYLDUHAGIR ..... 62
HÚSNÆÐIS- OG FJÁRHAGSAÐSTÆÐUR ..... 77
LÍFSREYNSLA OG ÁFALLASAGA ..... 82
**NIÐURLAG** ..... 102
**HEIMILDIR** ..... 103

# TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR Í KÖNNUN ..... 15
TAFLA 2. UPPLÝSINGAR UM ÞÁTTTAKENDUR EFTIR ÚRTAKSGERÐ ..... 17
TAFLA 3. KYN ÞÁTTTAKENDA ..... 17
TAFLA 4. ALDURSDREIFING ÞÁTTTAKENDA ..... 18
TAFLA 5. HVERT ER HÆSTA STIG MENNTUNAR SEM ÞÚ HEFUR LOKIÐ? ..... 19
TAFLA 6. ERT ÞÚ ÍSLENSKUR RÍKISBORGARI? ..... 21
TAFLA 7. HVERSU MÖRG BÚA Á HEIMILI ÞÍNU AÐ ÞÉR MEÐTÖLDUM/MEÐTALDRI/MEÐTÖLDU? ..... 21
TAFLA 8. HVERNIG ER BÚSETU ÞINNI HÁTTAÐ? ..... 23
TAFLA 9. HVERJAR ERU HEILDARTEKJUR HEIMILIS ÞÍNS AÐ JAFNAÐI Á MÁNUÐI FYRIR SKATT? ..... 24
TAFLA 10. HVAÐA HEILSUFARSÞÁTTUR TELUR ÞÚ AÐ SÉ HELSTA ORSÖK FYRIR ÖRORKU ÞINNI? ..... 26
TAFLA 11. ERT ÞÚ Í LAUNUÐU STARFI NÚNA (SEM STARFSMAÐUR EÐA SJÁLFSTÆTT STARFANDI)? ..... 27
TAFLA 12. HVAÐ VINNUR ÞÚ MARGAR STUNDIR Á VIKU, AÐ JAFNAÐI? ..... 28
TAFLA 13. VARST ÞÚ Í ENDURHÆFINGU ÁÐUR EN ÞÚ SÓTTIR UM ÖRORKULÍFEYRI? ..... 29
TAFLA 14. HVENÆR VARST ÞÚ SÍÐAST Í LAUNAÐRI VINNU? ..... 30
TAFLA 15. HVER ER HELSTA ÁSTÆÐA ÞESS AÐ SÍÐASTA STARFI ÞÍNU LAUK? ..... 32
TAFLA 16. HVER ER HELSTA ÁSTÆÐA ÞESS AÐ SÍÐASTA STARFI ÞÍNU LAUK? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 33
TAFLA 17. HVER ER HELSTA ÁSTÆÐA ÞESS AÐ SÍÐASTA STARFI ÞÍNU LAUK? – TR-ÚRTAK ..... 34
TAFLA 18. HEFÐIR ÞÚ TREYST ÞÉR TIL AÐ MINNKA VIÐ ÞIG VINNU Í STAÐ ÞESS AÐ HÆTTA ALFARIÐ STÖRFUM? 34
TAFLA 19. VAR Í BOÐI Á ÞÍNUM SÍÐASTA VINNUSTAÐ AÐ VERA Í HLUTASTARFI? ..... 35
TAFLA 20. HVERS KONAR STARFSEMI FÓR AÐALLEGA FRAM Á VINNUSTAÐNUM Í SÍÐASTA STARFI ÞÍNU? ..... 37
TAFLA 21. HEFUR ÞÚ VERIÐ [VARST ÞÚ] Í SNERTINGU VIÐ EÐA ANDAÐIR AÐ ÞÉR HEILSUSPILLANDI EFNUM? ..... 39
TAFLA 22. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA I ÓÞÆGILEGRI LÍKAMSSTELLINGU, LYFTA ÞUNGU EÐA NOTA ENDURTEKNAR HREYFINGAR VIÐ VINNU? ..... 40
TAFLA 23. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ FÁST VIÐ KREFJANDI FÉLAGSLEGA EÐA TILFINNINGALEGA ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Í VINNUNNI? ..... 41
TAFLA 24. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA VIÐ ÓÞÆGILEG VINNUSKILYRÐI LÍKT OG SLÆM BIRTUSKILYRÐI, KULDA, HÁVAÐA EÐA TITRING? ..... 43
TAFLA 25. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA VIÐ AÐSTÆÐUR ÞAR SEM LÍKUR ERU Á LÍKAMLEGRI HÆTTU EÐA TJÓNI? ..... 44
TAFLA 26. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ HAFIR VERIÐ LÍKAMLEGA ÚRVINDA EFTIR VINNUDAGINN ..... 45
TAFLA 27. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ HAFIR VERIÐ ANDLEGA ÚRVINDA EFTIR VINNUDAGINN ..... 47
TAFLA 28. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ VINNUÁLAGIÐ HAFI VERIÐ SVO MIKIÐ AÐ VERKEFNIN HLÓÐUST UPP 48
TAFLA 29. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ ÞURFTIR AÐ VINNA Á MIKLUM HRAÐA ..... 50
TAFLA 30. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ VISSIR NÁKVÆMLEGA TIL HVERS VAR ÆTLAST AF ÞÉR Í VINNUNNI ..... 51
TAFLA 31. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ANDLEGU OFBELDI ..... 53
TAFLA 32. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – LÍKAMLEGU OFBELDI ..... 54
TAFLA 33. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI/OFBELDI ..... 55
TAFLA 34. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – EINELTI ..... 56
TAFLA 35. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – SAMKEPPNI Á VINNUSTAÐ ..... 57
TAFLA 36. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ERFIÐUM SAMSKIPTUM VIÐ SAMSTARFSFÓLK ..... 58
TAFLA 37. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ERFIÐUM SAMSKIPTUM VIÐ STJÓRNANDA ..... 59

TAFLA 38. VANNST ÞÚ STÆRSTAN HLUTA STARFSÆVINNAR Í DAGVINNU EÐA VAKTAVINNU? ............ 60
TAFLA 39. HVERSU MÖRG BÖRN OG/EÐA STJÚPBÖRN YNGRI EN 18 ÁRA BÚA Á HEIMILINU? ............ 62
TAFLA 40. HVERSU MÖRG BÖRN OG/EÐA STJÚPBÖRN ELDRI EN 18 ÁRA BÚA Á HEIMILINU? ............ 64
TAFLA 41. VAR EITTHVERT BARNA ÞINNA EÐA STJÚPBARNA LANGVEIKT EÐA GREINT MEÐ EINHVERS KONAR FÖTLUN, RÖSKUN EÐA SKERÐINGU ÁÐUR EN ÞAÐ NÁÐI 18 ÁRA ALDRI? ............ 65
TAFLA 42. Á EITTHVERT BARNA ÞINNA EÐA STJÚPBARNA, EÐA HEFUR ÁTT, VIÐ ÁFENGIS- EÐA VÍMUEFNAVANDA AÐ STRÍÐA? ............ 66
TAFLA 43. VAR SJÚKDÓMUR, FÖTLUN, RÖSKUN EÐA SKERÐING BARNSINS/BARNANNA TIL ÞESS AÐ ÞÚ EÐA HITT FORELDRIÐ ÞURFTIR AÐ DRAGA ÚR VINNU UTAN HEIMILIS? MERKTU VIÐ ALLT SEM VIÐ Á ............ 67
TAFLA 44. VAR SJÚKDÓMUR, FÖTLUN, RÖSKUN EÐA SKERÐING BARNSINS/BARNANNA TIL ÞESS AÐ ÞÚ EÐA HITT FORELDRIÐ ÞURFTIR AÐ DRAGA ÚR VINNU UTAN HEIMILIS? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR 67
TAFLA 45. VAR SJÚKDÓMUR, FÖTLUN, RÖSKUN EÐA SKERÐING BARNSINS/BARNANNA TIL ÞESS AÐ ÞÚ EÐA HITT FORELDRIÐ ÞURFTIR AÐ DRAGA ÚR VINNU UTAN HEIMILIS? – TR-ÚRTAK ............ 68
TAFLA 46. HVER SINNTI UMÖNNUN BARNS ÞÍNS/ BARNA ÞINNA Á HEIMILINU ÁÐUR EN ÞAU NÁÐU 18 ÁRA ALDRI? ............ 68
TAFLA 47. HVER SINNTI UMÖNNUN EÐA STUÐNINGI BARNS ÞÍNS/BARNA ÞINNA EFTIR 18 ÁRA ALDUR? ............ 70
TAFLA 48. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, HVERSU OFT EÐA SJALDAN VEITTIR ÞÚ ÖLDRUÐU, FÖTLUÐU EÐA LANGVEIKU SKYLDMENNI UMÖNNUN? ............ 71
TAFLA 49. HVER ER HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN Í DAG? ............ 73
TAFLA 50. BREYTTIST HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN Á SÍÐUSTU 10 ÁRUM ÁÐUR EN ÞÚ FÓRST AÐ FINNA FYRIR HEILSUFARSVANDANUM SEM SÍÐAR VARÐ TIL ÞESS AÐ ÞÚ SÓTTIR UM ÖRORKULÍFEYRI? MERKTU VIÐ ALLT SEM VIÐ Á ............ 74
TAFLA 51. BREYTTIST HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN Á SÍÐUSTU 10 ÁRUM ÁÐUR EN ÞÚ FÓRST AÐ FINNA FYRIR HEILSUFARSVANDANUM SEM SÍÐAR VARÐ TIL ÞESS AÐ ÞÚ SÓTTIR UM ÖRORKULÍFEYRI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ............ 74
TAFLA 52. BREYTTIST HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN Á SÍÐUSTU 10 ÁRUM ÁÐUR EN ÞÚ FÓRST AÐ FINNA FYRIR HEILSUFARSVANDANUM SEM SÍÐAR VARÐ TIL ÞESS AÐ ÞÚ SÓTTIR UM ÖRORKULÍFEYRI? – TR-ÚRTAK .... 75
TAFLA 53. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA VERIÐ EINSTÆTT FORELDRI? ............ 75
TAFLA 54. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, HENTI ÞAÐ ÞIG AÐ VERA SAGT UPP LEIGUHÚSNÆÐI EÐA AÐ MISSA ÍBÚÐARHÚSNÆÐI ÞITT? ............ 77
TAFLA 55. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, BJÓST ÞÚ EÐA STARFAÐIR Í HÚSNÆÐI SEM TALIST GÆTI ÓHEILNÆMT VEGNA RAKA, FÚA, MYGLU, BÁGRAR HLJÓÐVISTAR EÐA LÉLEGRA LOFTGÆÐA? ............ 79
TAFLA 56. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR VAR, ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, AUÐVELT EÐA ERFITT FYRIR ÞIG OG FJÖLSKYLDU ÞÍNA AÐ NÁ ENDUM SAMAN MEÐ ÞEIM TEKJUM SEM VORU TIL RÁÐSTÖFUNAR? ............ 80
TAFLA 57. ÁTTIR ÞÚ EINHVERN TÍMA ERFITT MEÐ AÐ SINNA VINNU VEGNA EINKENNA BREYTINGARSKEIÐSINS T.D. SKAPSVEIFLNA, SVITAKÓFS, SVEFNLEYSIS, KVÍÐA, ÞREYTU EÐA ANNARRA EINKENNA? ............ 82
TAFLA 58. HEFUR ÞÚ MISST MAKA, KÆRAST(A) EÐA KÆRUSTU VEGNA ANDLÁTS? ............ 83
TAFLA 59. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR LÍKAMLEGU OFBELDI? ............ 84
TAFLA 60. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR LÍKAMLEGU OFBELDI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ............ 84
TAFLA 61. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR LÍKAMLEGU OFBELDI? – TR-ÚRTAK ............ 84
TAFLA 62. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR EINELTI EÐA ANDLEGU OFBELDI? ............ 85
TAFLA 63. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR EINELTI EÐA ANDLEGU OFBELDI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ............ 85
TAFLA 64. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR EINELTI EÐA ANDLEGU OFBELDI? – TR-ÚRTAK ............ 85
TAFLA 65. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI? ............ 86
TAFLA 66. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ............ 86
TAFLA 67. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI? – TR-ÚRTAK ............ 86
TAFLA 68. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR LÍKAMLEGU OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? . 87
TAFLA 69. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? ............ 88
TAFLA 70. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG LÍKAMLEGU OFBELDI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? .. 89
TAFLA 71. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG LÍKAMLEGU OFBELDI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ............ 89
TAFLA 72. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG LÍKAMLEGU OFBELDI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? – TR-ÚRTAK ............ 90

TAFLA 73. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR ANDLEGU OFBELDI EÐA EINELTI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? ..... 90
TAFLA 74. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR ANDLEGU OFBELDI EÐA EINELTI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? ..... 92
TAFLA 75. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG ANDLEGU OFBELDI EÐA LAGT ÞIG Í EINELTI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? ..... 93
TAFLA 76. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG ANDLEGU OFBELDI EÐA LAGT ÞIG Í EINELTI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 93
TAFLA 77. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG ANDLEGU OFBELDI EÐA LAGT ÞIG Í EINELTI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? – TR-ÚRTAK ..... 94
TAFLA 78. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? ..... 94
TAFLA 79. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? ..... 95
TAFLA 80. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG KYNFERÐISLEGU OFBELDI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? ..... 96
TAFLA 81. HVER EÐA HVERJIR HAFA BEITT ÞIG KYNFERÐISLEGU OFBELDI EFTIR AÐ ÞÚ NÁÐIR FULLORÐINSALDRI? SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 97
TAFLA 82. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA LEITAÐ ÞÉR AÐSTOÐAR SÉRFRÆÐINGS TIL AÐ VINNA ÚR AFLEIÐINGUM OFBELDIS? ..... 97
TAFLA 83. ÁTT ÞÚ, EÐA HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ÁTT, VIÐ ÁFENGIS- EÐA VÍMUEFNAVANDA AÐ STRÍÐA EÐA VANDA VEGNA ÁVANABINDANDI LYFJA? ..... 99
TAFLA 84. ÁTT ÞÚ AÐ BAKI ERFIÐA FÆÐINGARREYNSLU? ..... 100
TAFLA 85. HEFUR ÞÚ MISST BARN? ..... 100

# MYNDAYFIRLIT

MYND 1. HVERT ER HÆSTA STIG MENNTUNAR SEM ÞÚ HEFUR LOKIÐ? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 20
MYND 2. HVERT ER HÆSTA STIG MENNTUNAR SEM ÞÚ HEFUR LOKIÐ? – TR-ÚRTAK ..... 20
MYND 3. HVERSU MÖRG BÚA Á HEIMILI ÞÍNU AÐ ÞÉR MEÐTÖLDUM/MEÐTALDRI/MEÐTÖLDU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 22
MYND 4. HVERSU MÖRG BÚA Á HEIMILI ÞÍNU AÐ ÞÉR MEÐTÖLDUM/MEÐTALDRI/MEÐTÖLDU? – TR-ÚRTAK ..... 22
MYND 5. HVERNIG ER BÚSETU ÞINNI HÁTTAÐ? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 23
MYND 6. HVERNIG ER BÚSETU ÞINNI HÁTTAÐ? – TR-ÚRTAK ..... 24
MYND 7. HVERJAR ERU HEILDARTEKJUR HEIMILIS ÞÍNS AÐ JAFNAÐI Á MÁNUÐI FYRIR SKATT? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 25
MYND 8. HVERJAR ERU HEILDARTEKJUR HEIMILIS ÞÍNS AÐ JAFNAÐI Á MÁNUÐI FYRIR SKATT? – TR-ÚRTAK ..... 25
MYND 9. HVAÐA HEILSUFARSÞÁTTUR TELUR ÞÚ AÐ SÉ HELSTA ORSÖK FYRIR ÖRORKU ÞINNI? – TR-ÚRTAK ..... 26
MYND 10. ERT ÞÚ Í LAUNUÐU STARFI NÚNA (SEM STARFSMAÐUR EÐA SJÁLFSTÆTT STARFANDI)? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 27
MYND 11. ERT ÞÚ Í LAUNUÐU STARFI NÚNA (SEM STARFSMAÐUR EÐA SJÁLFSTÆTT STARFANDI)? – TR-ÚRTAK ..... 28
MYND 12. HVAÐ VINNUR ÞÚ MARGAR STUNDIR Á VIKU, AÐ JAFNAÐI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 29
MYND 13. HVAÐ VINNUR ÞÚ MARGAR STUNDIR Á VIKU, AÐ JAFNAÐI? – TR-ÚRTAK ..... 29
MYND 14. VARST ÞÚ Í ENDURHÆFINGU ÁÐUR EN ÞÚ SÓTTIR UM ÖRORKULÍFEYRI? – TR-ÚRTAK ..... 30
MYND 15. HVENÆR VARST ÞÚ SÍÐAST Í LAUNAÐRI VINNU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 31
MYND 16. HVENÆR VARST ÞÚ SÍÐAST Í LAUNAÐRI VINNU? – TR-ÚRTAK ..... 31
MYND 17. HEFÐIR ÞÚ TREYST ÞÉR TIL AÐ MINNKA VIÐ ÞIG VINNU Í STAÐ ÞESS AÐ HÆTTA ALFARIÐ STÖRFUM? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ..... 35
MYND 18. HEFÐIR ÞÚ TREYST ÞÉR TIL AÐ MINNKA VIÐ ÞIG VINNU Í STAÐ ÞESS AÐ HÆTTA ALFARIÐ STÖRFUM? – TR-ÚRTAK ..... 35

MYND 19. VAR Í BOÐI Á ÞÍNUM SÍÐASTA VINNUSTAÐ AÐ VERA Í HLUTASTARFI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 36
MYND 20. VAR Í BOÐI Á ÞÍNUM SÍÐASTA VINNUSTAÐ AÐ VERA Í HLUTASTARFI? – TR-ÚRTAK .......... 36
MYND 21. HVERS KONAR STARFSEMI FÓR AÐALLEGA FRAM Á VINNUSTAÐNUM Í SÍÐASTA STARFI ÞÍNU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 38
MYND 22. HVERS KONAR STARFSEMI FÓR AÐALLEGA FRAM Á VINNUSTAÐNUM Í SÍÐASTA STARFI ÞÍNU? – TR-ÚRTAK .......... 38
MYND 23. HEFUR ÞÚ VERIÐ [VARST ÞÚ] Í SNERTINGU VIÐ EÐA ANDAÐIR AÐ ÞÉR HEILSUSPILLANDI EFNUM? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 39
MYND 24. HEFUR ÞÚ VERIÐ [VARST ÞÚ] Í SNERTINGU VIÐ EÐA ANDAÐIR AÐ ÞÉR HEILSUSPILLANDI EFNUM? – TR-ÚRTAK .......... 40
MYND 25. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA Í ÓÞÆGILEGRI LÍKAMSSTELLINGU, LYFTA ÞUNGU EÐA NOTA ENDURTEKNAR HREYFINGAR VIÐ VINNU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 41
MYND 26. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA Í ÓÞÆGILEGRI LÍKAMSSTELLINGU, LYFTA ÞUNGU EÐA NOTA ENDURTEKNAR HREYFINGAR VIÐ VINNU? – TR-ÚRTAK .......... 41
MYND 27. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ FÁST VIÐ KREFJANDI FÉLAGSLEGA EÐA TILFINNINGALEGA ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Í VINNUNNI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 42
MYND 28. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ FÁST VIÐ KREFJANDI FÉLAGSLEGA EÐA TILFINNINGALEGA ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Í VINNUNNI? – TR-ÚRTAK .......... 42
MYND 29. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA VIÐ ÓÞÆGILEG VINNUSKILYRÐI LÍKT OG SLÆM BIRTUSKILYRÐI, KULDA, HÁVAÐA EÐA TITRING? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 43
MYND 30. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA VIÐ ÓÞÆGILEG VINNUSKILYRÐI LÍKT OG SLÆM BIRTUSKILYRÐI, KULDA, HÁVAÐA EÐA TITRING? – TR-ÚRTAK .......... 43
MYND 31. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA VIÐ AÐSTÆÐUR ÞAR SEM LÍKUR ERU Á LÍKAMLEGRI HÆTTU EÐA TJÓNI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 44
MYND 32. HEFUR ÞÚ ÞURFT [ÞURFTIR ÞÚ] AÐ VINNA VIÐ AÐSTÆÐUR ÞAR SEM LÍKUR ERU Á LÍKAMLEGRI HÆTTU EÐA TJÓNI? – TR-ÚRTAK .......... 45
MYND 33. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ HAFIR VERIÐ LÍKAMLEGA ÚRVINDA EFTIR VINNUDAGINN? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 46
MYND 34. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ HAFIR VERIÐ LÍKAMLEGA ÚRVINDA EFTIR VINNUDAGINN? – TR-ÚRTAK .......... 46
MYND 35. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ HAFIR VERIÐ ANDLEGA ÚRVINDA EFTIR VINNUDAGINN? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 47
MYND 36. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ HAFIR VERIÐ ANDLEGA ÚRVINDA EFTIR VINNUDAGINN? – TR-ÚRTAK .......... 48
MYND 37. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ VINNUÁLAGIÐ HAFI VERIÐ SVO MIKIÐ AÐ VERKEFNIN HLÓÐUST UPP? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 49
MYND 38. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ VINNUÁLAGIÐ HAFI VERIÐ SVO MIKIÐ AÐ VERKEFNIN HLÓÐUST UPP? – TR-ÚRTAK .......... 49
MYND 39. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ ÞURFTIR AÐ VINNA Á MIKLUM HRAÐA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 50
MYND 40. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ ÞURFTIR AÐ VINNA Á MIKLUM HRAÐA? – TR-ÚRTAK .......... 50
MYND 41. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ VISSIR NÁKVÆMLEGA TIL HVERS VAR ÆTLAST AF ÞÉR Í VINNUNNI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR .......... 52
MYND 42. EF ÞÚ METUR VINNUNA ÞÍNA UNDANFARIN 10 ÁR, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ EFTIRFARANDI HAFI OFT EÐA SJALDAN ÁTT VIÐ UM STARFIÐ? – AÐ ÞÚ VISSIR NÁKVÆMLEGA TIL HVERS VAR ÆTLAST AF ÞÉR Í VINNUNNI? – TR-ÚRTAK .......... 52

MYND 43. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ANDLEGU OFBELDI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 53
MYND 44. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ANDLEGU OFBELDI – TR-ÚRTAK ........ 53
MYND 45. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – LÍKAMLEGU OFBELDI – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 54
MYND 46. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – LÍKAMLEGU OFBELDI – TR-ÚRTAK ........ 54
MYND 47. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI/OFBELDI – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 55
MYND 48. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI/OFBELDI – TR-ÚRTAK ........ 55
MYND 49. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – EINELTI – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 56
MYND 50. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – EINELTI – TR-ÚRTAK ........ 56
MYND 51. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – SAMKEPPNI Á VINNUSTAÐ – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 57
MYND 52. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – SAMKEPPNI Á VINNUSTAÐ – TR-ÚRTAK ........ 57
MYND 53. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ERFIÐUM SAMSKIPTUM VIÐ SAMSTARFSFÓLK – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 58
MYND 54. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ERFIÐUM SAMSKIPTUM VIÐ SAMSTARFSFÓLK – TR-ÚRTAK ........ 58
MYND 55. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ERFIÐUM SAMSKIPTUM VIÐ STJÓRNANDA – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 59
MYND 56. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ [VARST ÞÚ EINHVERN TÍMA] FYRIR EFTIRFARANDI Á VINNUSTAÐ – ERFIÐUM SAMSKIPTUM VIÐ STJÓRNANDA – TR-ÚRTAK ........ 60
MYND 57. VANNST ÞÚ STÆRSTAN HLUTA STARFSÆVINNAR Í DAGVINNU EÐA VAKTAVINNU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 61
MYND 58. VANNST ÞÚ STÆRSTAN HLUTA STARFSÆVINNAR Í DAGVINNU EÐA VAKTAVINNU? – TR-ÚRTAK ........ 61
MYND 59. HVERSU MÖRG BÖRN OG/EÐA STJÚPBÖRN EN 18 ÁRA BÚA Á HEIMILINU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 63
MYND 60. HVERSU MÖRG BÖRN OG/EÐA STJÚPBÖRN YNGRI EN 18 ÁRA BÚA Á HEIMILINU? – TR-ÚRTAK ........ 63
MYND 61. HVERSU MÖRG BÖRN OG/EÐA STJÚPBÖRN ELDRI EN 18 ÁRA BÚA Á HEIMILINU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 64
MYND 62. HVERSU MÖRG BÖRN OG/EÐA STJÚPBÖRN ELDRI EN 18 ÁRA BÚA Á HEIMILINU? –TR-ÚRTAK ........ 64
MYND 63. VAR EITTHVERT BARNA ÞINNA EÐA STJÚPBARNA LANGVEIKT EÐA GREINT MEÐ EINHVERS KONAR FÖTLUN, RÖSKUN EÐA SKERÐINGU ÁÐUR EN ÞAÐ NÁÐI 18 ÁRA ALDRI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 65
MYND 64. VAR EITTHVERT BARNA ÞINNA EÐA STJÚPBARNA LANGVEIKT EÐA GREINT MEÐ EINHVERS KONAR FÖTLUN, RÖSKUN EÐA SKERÐINGU ÁÐUR EN ÞAÐ NÁÐI 18 ÁRA ALDRI? – TR-ÚRTAK ........ 65
MYND 65. Á EITTHVERT BARNA ÞINNA EÐA STJÚPBARNA, EÐA HEFUR ÁTT, VIÐ ÁFENGIS- EÐA VÍMUEFNAVANDA AÐ STRÍÐA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 66
MYND 66. Á EITTHVERT BARNA ÞINNA EÐA STJÚPBARNA, EÐA HEFUR ÁTT, VIÐ ÁFENGIS- EÐA VÍMUEFNAVANDA AÐ STRÍÐA? – TR-ÚRTAK ........ 66
MYND 67. HVER SINNTI UMÖNNUN BARNS ÞÍNS/ BARNA ÞINNA Á HEIMILINU ÁÐUR EN ÞAU NÁÐU 18 ÁRA ALDRI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 69
MYND 68. HVER SINNTI UMÖNNUN BARNS ÞÍNS/ BARNA ÞINNA Á HEIMILINU ÁÐUR EN ÞAU NÁÐU 18 ÁRA ALDRI? – TR-ÚRTAK ........ 69
MYND 69. HVER SINNTI UMÖNNUN EÐA STUÐNINGI BARNS ÞÍNS/BARNA ÞINNA EFTIR 18 ÁRA ALDUR? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 70
MYND 70. HVER SINNTI UMÖNNUN EÐA STUÐNINGI BARNS ÞÍNS/BARNA ÞINNA EFTIR 18 ÁRA ALDUR? – TR-ÚRTAK ........ 71
MYND 71. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, HVERSU OFT EÐA SJALDAN VEITTIR ÞÚ ÖLDRUÐU, FÖTLUÐU EÐA LANGVEIKU SKYLDMENNI UMÖNNUN? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 72

MYND 72. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, HVERSU OFT EÐA SJALDAN VEITTIR ÞÚ ÖLDRUÐU, FÖTLUÐU EÐA LANGVEIKU SKYLDMENNI UMÖNNUN? – TR-ÚRTAK ........ 72
MYND 73. HVER ER HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN Í DAG? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 73
MYND 74. HVER ER HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN Í DAG? – TR-ÚRTAK ........ 73
MYND 75. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA VERIÐ EINSTÆTT FORELDRI? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 76
MYND 76. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA VERIÐ EINSTÆTT FORELDRI? – TR-ÚRTAK ........ 76
MYND 77. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, HENTI ÞAÐ ÞIG AÐ VERA SAGT UPP LEIGUHÚSNÆÐI EÐA AÐ MISSA ÍBÚÐARHÚSNÆÐI ÞITT? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 78
MYND 78. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, HENTI ÞAÐ ÞIG AÐ VERA SAGT UPP LEIGUHÚSNÆÐI EÐA AÐ MISSA ÍBÚÐARHÚSNÆÐI ÞITT? – TR-ÚRTAK ........ 78
MYND 79. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, BJÓST ÞÚ EÐA STARFAÐIR Í HÚSNÆÐI SEM TALIST GÆTI ÓHEILNÆMT VEGNA RAKA, FÚA, MYGLU, BÁGRAR HLJÓÐVISTAR EÐA LÉLEGRA LOFTGÆÐA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 79
MYND 80. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR, BJÓST ÞÚ EÐA STARFAÐIR Í HÚSNÆÐI SEM TALIST GÆTI ÓHEILNÆMT VEGNA RAKA, FÚA, MYGLU, BÁGRAR HLJÓÐVISTAR EÐA LÉLEGRA LOFTGÆÐA? – TR-ÚRTAK ........ 80
MYND 81. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR VAR, ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, AUÐVELT EÐA ERFITT FYRIR ÞIG OG FJÖLSKYLDU ÞÍNA AÐ NÁ ENDUM SAMAN MEÐ ÞEIM TEKJUM SEM VORU TIL RÁÐSTÖFUNAR? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 81
MYND 82. EF ÞÚ HUGSAR UM SÍÐUSTU 10 ÁR VAR, ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, AUÐVELT EÐA ERFITT FYRIR ÞIG OG FJÖLSKYLDU ÞÍNA AÐ NÁ ENDUM SAMAN MEÐ ÞEIM TEKJUM SEM VORU TIL RÁÐSTÖFUNAR? – TR-ÚRTAK ........ 81
MYND 83. ÁTTIR ÞÚ EINHVERN TÍMA ERFITT MEÐ AÐ SINNA VINNU VEGNA EINKENNA BREYTINGARSKEIÐSINS T.D. SKAPSVEIFLNA, SVITAKÓFS, SVEFNLEYSIS, KVÍÐA, ÞREYTU EÐA ANNARRA EINKENNA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 82
MYND 84. HEFUR ÞÚ MISST MAKA, KÆRAST(A) EÐA KÆRUSTU VEGNA ANDLÁTS? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 83
MYND 85. HEFUR ÞÚ MISST MAKA, KÆRAST(A) EÐA KÆRUSTU VEGNA ANDLÁTS? – TR-ÚRTAK ........ 83
MYND 86. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR LÍKAMLEGU OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 87
MYND 87. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR LÍKAMLEGU OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – TR-ÚRTAK ........ 87
MYND 88. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 88
MYND 89. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – TR-ÚRTAK ........ 88
MYND 90. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR ANDLEGU OFBELDI EÐA EINELTI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 91
MYND 91. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR ANDLEGU OFBELDI EÐA EINELTI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – TR-ÚRTAK ........ 91
MYND 92. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR ANDLEGU OFBELDI EÐA EINELTI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 92
MYND 93. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR ANDLEGU OFBELDI EÐA EINELTI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – TR-ÚRTAK ........ 92
MYND 94. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 95
MYND 95. SEM BARN, VARST ÞÚ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI EÐA EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – TR-ÚRTAK ........ 95
MYND 96. EFTIR AÐ HAFA NÁÐ FULLORÐINSALDRI, VARST ÞÚ FYRIR KYNFERÐISLEGU OFBELDI EINU SINNI, Í NOKKUR SKIPTI EÐA REGLULEGA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 96
MYND 97. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA LEITAÐ ÞÉR AÐSTOÐAR SÉRFRÆÐINGS TIL AÐ VINNA ÚR AFLEIÐINGUM OFBELDIS? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 98
MYND 98. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA LEITAÐ ÞÉR AÐSTOÐAR SÉRFRÆÐINGS TIL AÐ VINNA ÚR AFLEIÐINGUM OFBELDIS? – TR-ÚRTAK ........ 98
MYND 99. ÁTT ÞÚ, EÐA HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ÁTT, VIÐ ÁFENGIS- EÐA VÍMUEFNAVANDA AÐ STRÍÐA EÐA VANDA VEGNA ÁVANABINDANDI LYFJA? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 99

MYND 100. ÁTT ÞÚ, EÐA HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ÁTT, VIÐ ÁFENGIS- EÐA VÍMUEFNAVANDA AÐ STRÍÐA EÐA VANDA VEGNA ÁVANABINDANDI LYFJA? – TR-ÚRTAK ........ 99
MYND 101. ÁTT ÞÚ AÐ BAKI ERFIÐA FÆÐINGARREYNSLU? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 100
MYND 102. HEFUR ÞÚ MISST BARN? – SAMANBURÐAR- OG RANNSÓKNARHÓPUR ........ 101
MYND 103. HEFUR ÞÚ MISST BARN? – TR-ÚRTAK ........ 101

# SAMANTEKT

Markmið rannsóknarinnar sem skýrslan byggir á var að afla aukinnar þekkingar á því hvers vegna konur á aldrinum 50 til 66 ára eru líklegri en karlar til að fá örorkulífeyri. Könnun var annars vegar lögð fyrir úrtak fólks á aldrinum 50–66 ára sem fær örorkulífeyri og hins vegar úrtak kvenna á sama aldri úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Tvenns konar samanburður var gerður á svörum þátttakenda. Annar hluti samanburðar fólst í að greina svör fólks sem fær örorkulífeyri eftir kyni og hinn hluti samanburðar sneri að því að greina svör kvenna með örorkulífeyri og bera saman við svör kvenna í netpanel Félagsvísindastofnunar. Hér eftir verður vísað til kvenna með örorkulífeyri sem rannsóknarhóps og úrtak kvenna úr netpanel Félagsvísindastofnunar sem samanburðarhóps. Í samanburði á milli kynja er ýmist vísað til TR-úrtaks eða karla í TR-úrtaki.

Félagsvísindastofnun fékk netfangalista frá TR sem samanstóð af fólki, 50 ára og eldra, sem fengið hefur örorkumat á undangengnum þremur árum og hafði gefið upplýst samþykki fyrir þátttöku sinni í könnuninni. Á netfangalistanum voru 971 og svöruðu 644 af þeim, sem gerir 66% svarhlutfall. Þá var tekið 1.560 manna úrtak meðal kvenna í netpanel Félagsvísindastofnunar á aldrinum 50–66 ára. Af þeim svöruðu 730 þeirra, sem samsvarar svarhlutfalli upp á 47%.

## Helstu niðurstöður

**Niðurstöður sýna að menntunarstaða er ólík á milli hópa.** Mun fleiri konur í rannsóknarhópi (konur með örorkulífeyri) höfðu einungis lokið grunnnámi eða minna, eða 22% samanborið við 9% kvenna í samanburðarhópi (konur í netpanel Félagsvísindastofnunar).

**Rúmlega fjórðungur (26%) kvenna í rannsóknarhópi var með heimilistekjur undir 401 þúsund krónum á mánuði**, samanborið við 6% kvenna í samanburðarhópi.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að segja að það hafi reynst frekar eða mjög erfitt að ná endum saman fjárhagslega** fyrir fjölskylduna (áður en þær fóru fyrst að finna fyrir heilsufarsvanda) en konur í samanburðarhópi (á sl. tíu árum), eða 34% samanborið við 21% svarenda.

**Konur í rannsóknarhópi voru ólíklegri til þess að búa í eigin húsnæði** en konur í samanburðarhópi, eða 23% samanborið við 9% í síðarnefnda hópnum.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa skilið eða slitið sambúð**, eða 13% sem höfðu skilið og 7% sem höfðu slitið sambúð, samanborið við 7% og 4% kvenna í samanburðarhópi.

**Af konum í rannsóknarhópi var hærra hlutfall einhleypar** (24%) en meðal kvenna í samanburðarhópi (14%).

**Hlutfallslega fleiri konur í rannsóknarhópi en bæði konur í samanburðarhópi og karlar í TR-úrtaki hafa verið einstætt foreldi**. Um 58% kvenna í fyrstnefnda hópnum hafa verið einstætt foreldri, samanborið við 43% kvenna í samanburðarhópi og 22% karla.

**Samanburður sýnir að konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa átt barn eða börn sem höfðu verið langveik** eða greind með röskun eða skerðingu, eða 45% samanborið 32% kvenna í samanburðarhópi og 28% karla í TR-úrtaki.

**Konur í rannsóknarhópi voru jafnframt líklegri til þess að hafa átt barn eða börn sem á eða átti við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða**, eða 23% samanborið við 16% kvenna í samanburðarhópi.

**Umönnun barns/barna, yngri en 18 ára, var oftar sinnt alfarið af konum í rannsóknarhópi** (34%) en konum í samanburðarhópi (19%). Einungis sjö af hundraði karla í TR-úrtaki sögðust oftast eða alltaf sjá um umönnun barns/barna en 78% kvenna í rannsóknarhópi.

**Að sama skapi voru konur í rannsóknarhópi líklegri til þess að sjá alltaf um umönnun eða stuðning við barn sitt / börn sín eldri en 18 ára** en konur í samanburðarhópi, eða 28% kvenna samanborið við 16%.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa verið sagt upp leiguhúsnæði eða misst eigið íbúðarhúsnæði** en konur í samanburðarhópi, eða 15% samanborið við 6% svarenda.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, bæði sem barn og fullorðin**, en konur í samanburðarhópi. Þannig höfðu 27% svarenda í fyrrnefnda hópnum orðið fyrir ofbeldi sem barn og 28% sem fullorðinn einstaklingur, samanborið við 21% og 18% kvenna í síðarnefnda hópnum.

**Konur í rannsóknarhópi voru einnig líklegri en konur í samanburðarhópi til þess að hafa orðið reglulega fyrir líkamlegu ofbeldi sem barn**, eða 34% þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi á barnsaldri samanborið við 20% svarenda í síðarnefnda hópnum.

**Hlutfallslega fleiri konur í rannsóknarhópi höfðu orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi** en konur í samanburðarhópi. Tæplega helmingur (47%) kvenna í rannsóknarhópi hafði orðið fyrir andlegu ofbeldi eða einelti sem barn og 51% þeirra eftir að hafa náð fullorðinsaldri, samanborið við 39% og 42% kvenna í samanburðarhópi. Þær voru einnig líklegri en karlar (32%) til þess að hafa orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi sem fullorðnir einstaklingar.

**Þá voru konur í rannsóknarhópi líklegri en karlar í TR-úrtaki til þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi**, bæði sem börn (28% samanborið við 17% karla) og fullorðnar (27% samanborið við 3% karla).

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa starfað við heilbrigðis- og/eða félagsþjónustu** en konur í samanburðarhópi.

**Líkamsbeiting á vinnustað var miserfið á milli hópa. Þannig voru konur í rannsóknarhópi mun líklegri en konur í samanburðarhópi til að hafa lent oft í því að þurfa að vinna í óþægilegri líkamsstellingu**, lyfta þungu eða nota endurteknar hreyfingar við vinnu, eða 41% samanborið við 18% svarenda í síðarnefnda hópnum.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en konur í samanburðarhópi til þess að hafa þurft að fást við krefjandi félagslega eða tilfinningalega erfiðar aðstæður í vinnunni**. Um 41% svarenda í fyrrgreinda hópnum höfðu upplifað það oft, samanborið við þriðjung svarenda í síðarnefnda hópnum. Sömuleiðis voru þær líklegri til þess en karlar í TR-úrtaki, en 45% karla höfðu upplifað það sjaldan eða aldrei, samanborið við 26% kvenna í rannsóknarhópi.

**Mun fleiri konur í rannsóknarhópi sögðust hafa orðið fremur oft, mjög oft eða alltaf líkamlega úrvinda eftir vinnudaginn**, eða 71% samanborið við þriðjung kvenna í samanburðarhópi.

**Mun líklegra var að konur í rannsóknarhópi höfðu upplifað það að hafa orðið andlega úrvinda eftir vinnudaginn** (40%) en bæði konur í samanburðarhópi (18%) og karlar í TR-úrtaki (27%).

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en karlar í TR-úrtaki til að hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi eða einelti á vinnustað**, eða 27% kvenna samanborið við 18% karla.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa verið í vaktavinnu**. Tæplega fjórðungur kvenna í rannsóknarhópi hafði ýmist varið álíka stórum hluta starfsævinnar í vakta- og dagvinnu eða verið yfirleitt eða alfarið í vaktavinnu, samanborið við 14% kvenna í samanburðarhópi.

**Karlar í TR-úrtaki voru líklegri en konur í rannsóknarhópi til þess að vinna fleiri stundir á viku**. Um þriðjungur (34%) þeirra vann 25 stundir eða fleiri á viku, samanborið við 9% kvenna.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa staðið til boða hlutastarf** á síðasta vinnustað en karlar í TR-úrtaki. Rúmlega helmingi kvenna stóð það til boða samanborið við 31% karla.

**Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en karlar til þess að hafa verið í endurhæfing**u áður en þær sóttu um örorkulífeyri, eða 84% samanborið við 74% karla.

# INNGANGUR

Skýrslan var unnin að beiðni Tryggingastofnunar (TR) en að rannsókninni standa, auk TR, félags- og húsnæðismálaráðuneytið, velferðarvaktin og Vinnueftirlitið. Markmið rannsóknarinnar sem skýrslan byggir á er að afla aukinnar þekkingar á því hvers vegna konur á aldrinum 50 til 66 ára eru líklegri en karlar til að fá örorkulífeyri. Samkvæmt gögnum TR eru konur í áberandi meirihluta þeirra sem fá örorkulífeyri, bæði í fjölda og hlutfallslega. Árið 2023 voru 27% kvenna á aldrinum 60-66 ára, búsettum á Íslandi, með örorkulífeyri en tæp 17% karla. Í yngri hópnum, 50-59 ára, var hlutfallið 15% meðal kvenna en 8% karla. Sama ár voru konur 60,5% af þeim sem voru með örorkumat. Þá hefur fjöldi kvenna sem fær greiddan örorkulífeyri aukist hraðar síðan um aldamót en fjöldi karla, eða um 106% á milli áranna 2000 og 2025, samanborið við 100% aukningu á meðal karla. Konum hefur þannig fjölgað um 6.110 en körlum um 3.808 (Tryggingastofnun, 2025a).

Fyrri rannsóknir benda meðal annars til þess að öryrkjar séu líklegri til að hafa fundið fyrir of miklum kröfum í síðasta starfi en vinnandi fólk í núverandi starfi (Ásdís Arnalds o.fl., 2022); að öryrkjar séu líklegri en fólk í fullu starfi til að hafa orðið fyrir einelti á vinnustað, upplifað hunsun, afskiptaleysi og áreiti á vinnustaðnum (sama heimild); og að fólk sem hafði farið í veikindaleyfi vegna sjúkdóma í vöðva-, beinakerfi eða bandvef var ólíklegra en aðrir hópar til að vera í vinnu að loknu veikindaleyfi, samanborið við til dæmis fólk sem hafði farið í veikindaleyfi vegna annarra veikinda (Ásdís Arnalds og Karl Sigurðsson, 2023). Nálgun rannsóknarinnar tekur þar af leiðandi mið af þessum þáttum, ásamt öðrum, og áhersla er annars vegar lögð á að greina kynjamun á meðal þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri og hins vegar hvort munur sé á reynslu kvenna sem fá greiddan örorkulífeyri og kvenna sem tilheyra netpanel Félagsvísindastofnunar. M.t.t. þess að umfangsmiklar breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfi munu taka gildi 1. september nk. má jafnframt nýta eftirfarandi niðurstöður í samanburð á nýju kerfi þegar reynsla kemst á.

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir þannig á samanburði á aðstæðum og reynslu fólks eftir því hvort um sé að ræða karl eða konu sem fær örorkulífeyri og svo hvort munur sé til staðar þegar konur sem fá greiddan örorkulífeyri eru bornar saman við panel-úrtak kvenna sem ekki hafa fengið örorkulífeyri. Sambærilegur spurningalisti var lagður fyrir úrtak einstaklinga á aldrinum 50–66 ára sem höfði fengið greiddan örorkulífeyri og veitt upplýst samþykki fyrir könnuninni og hins vegar úrtak kvenna á sama aldri úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Í skýrslunni er vísað til kvenna sem fá örorkulífeyri sem rannsóknarhóps og úrtaks kvenna úr netpanel Félagsvísindastofnunnar sem samanburðarhóps. Vísað er til karla sem fá örorkulífeyri sem karla í TR-úrtaki. Ekki var gerður samanburður á svörum karla í TR-úrtaki og kvenna í netpanel.

Uppbygging skýrslunnar er á þá leið að fyrst er aðferðafræði könnunarinnar, þ.m.t. úrtökum og úrvinnslu, gerð skil. Í framhaldinu er fjallað um niðurstöður könnunarinnar í töflum, myndum og texta. Niðurstöðukafla skýrslunnar er skipt upp í sex hluta. Fyrst er fjallað almennt um þátttakendur sem tóku þátt í könnuninni, bakgrunni þeirra gerð skil og fjallað er um fyrrverandi og núverandi stöðu þeirra á vinnumarkaði. Því næst er umfjöllun um fjölskylduhagi þátttakenda, húsnæðis- og fjárhagsaðstæður og að lokum er fjallað um lífsreynslu þeirra og mögulega áfallasögu. Í lok skýrslunnar er að finna umræðu og samantekt yfir helstu niðurstöður.

# AÐFERÐ

Gagna var aflað með spurningakönnun meðal fólks á aldrinum 50–66 ára sem hafði fengið örorkumat á undangengnum þremur árum, 2022–2024, og meðal kvenna á sama aldri sem skráðar voru í netpanel Félagsvísindastofnunar í upphafi árs 2025. Sambærilegur spurningalisti var lagður fyrir báða hópana en með þeim fyrirvara að ákveðnar spurningar áttu aðeins við um þann hluta þátttakenda sem höfðu fengið örorkumat og aðrar voru bundnar við kyn.

## Úrtak og svörun könnunar

Tryggingastofnun sá um að senda kynningarbréf með upplýsingum um rannsóknina í tölvupósti til fólks á aldrinum 50–66 ára sem fær greiddan örorkulífeyri hjá stofnuninni, þar sem þeim var boðin þátttaka í könnuninni og um leið var aflað upplýsts samþykkis þeirra sem vildu taka þátt. Fólk var upplýst um hvað þátttaka myndi fela í sér og að ef það samþykkti að taka þátt myndi Félagsvísindastofnun fá aðgang að netfangi þess. Í framhaldinu útbjó Tryggingastofnun lista yfir netföng þeirra sem samþykktu þátttöku (eða símanúmer þeirra sem ekki voru með skráð netföng) ásamt auðkennisnúmeri. Tryggingastofnun afhenti síðan Félagsvísindastofnun netfangalistann í læstri skrá. Í framhaldinu sendi Félagsvísindastofnun hlekk á könnunina í tölvupósti til þeirra sem höfðu samþykkt þátttöku í rannsókninni. Allt að þrjár ítrekanir voru sendar í tölvupósti til þeirra sem höfðu samþykkt þátttöku.

Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í könnunum á vegum Félagsvísindastofnunar. Söfnun í netpanel fer fram í gegnum síma og byggir á tilviljunar-úrtaki úr þjóðskrá. Stöðugt er fylgst með samsetningu panelsins og þátttakendum fjölgað eftir þörfum. Fyrir könnunina sem um ræðir var tekið 1.600 manna lagskipt úrtak kvenna, 50 til 66 ára, úr netpanelnum. Þátttakendur fengu sendan hlekk að könnuninni í tölvupósti og gátu svarað henni rafrænt. Allt að þrjár ítrekanir voru sendar í tölvupósti til þeirra sem ekki höfðu svarað fyrir ákveðna dagsetningu.

Gagnasöfnun stóð frá 5. febrúar til og með 24. mars 2025. Heildarsvarhlutfall var um 54% en svarhlutfall meðal þeirra sem höfðu fengið örorkumat var 66% og meðal þeirra sem tilheyrðu netpanel Félagsvísindastofnunar var það 47% (sjá töflu 1).

**Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun**

| | TR-úrtak | Panel-úrtak | Alls |
|---|---|---|---|
| Upplýsingasöfnun | 05.02.2025 - 24.03.2025 | 05.02.2025 - 24.03.2025 | |
| Fjöldi í úrtaki | 971 | 1560 | 2531 |
| Fjöldi svarenda | 644 | 730 | 1374 |
| Svarhlutfall | 66% | 47% | 54% |

# Úrvinnsla

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir á samanburði á milli hópa og hvort tölfræðilega marktækur munur sé á hlutföllum á milli þeirra. Fyrir vikið er ekki hægt að fullyrða um möguleg orsakasambönd en niðurstöður gefa engu að síður sterkar vísbendingar um mögulega áhrifaþætti sem hægt er að skoða nánar.

Í töflum og myndum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og því getur verið ólíkur fjöldi svara á bak við hverja töflu og mynd þar sem sumir þátttakendur völdu að svara ekki einstaka spurningum. Þá ber að hafa í huga að í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*) í töflum, en í texta þar sem samanburðarmyndir eru nýttar í framsetningu niðurstaðna eru niðurstöður marktektarprófs gefnar upp. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p<0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar í þýði. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p<0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýðinu ($p<0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin *óg* merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Þegar marktektarpróf reyndist ógilt var svarmöguleikum spurningarinnar stundum slegið saman, þegar það átti við, og marktekt reiknuð á ný. Í slíkum tilvikum er það útskýrt í texta. Ef fjöldi svarenda var ónægur til þess að birta niðurstöður greininga er þess getið í texta.

# NIÐURSTÖÐUR

## Um þátttakendur

Alls svöruðu 1.374 þátttakendur könnuninni að hluta til eða í heild, þar af 644 einstaklingar í TR-úrtaki. Þannig svöruðu 213 karlar með örorkulífeyri (16% svarenda – TR-karlar), 431 konur með örorkulífeyri (31% svarenda - rannsóknarhópur) og 730 konur sem höfðu verið í panel úrtaki Félagsvísindastofnunar (53% svarenda - samanburðarhópur). Sjá töflu 2.

**Tafla 2. Upplýsingar um þátttakendur eftir úrtaksgerð**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| TR-karlar | 213 | 16% | 16% |
| Rannsóknarhópur | 431 | 31% | 31% |
| Samanburðarhópur | 730 | 53% | 53% |
| **Fjöldi svara** | **1374** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 0 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Mikill meirihluti svarenda voru konur (84%), sem leiðir af því að samanburður í rannsókninni byggir á reynslu kvenna sem fær örorkulífeyri við annars vegar karla sem fá örorkulífeyri og hins vegar konur í panel-úrtaki en sem eru á sama aldursbili, þ.e. 50–66 ára. Sjá töflu 3.

**Tafla 3. Kyn þátttakenda**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Karlar | 213 | 16% | 16% |
| Konur | 1160 | 84% | 84% |
| Annað | 1 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **1374** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 0 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Aldursdreifing var á þá leið að fjöldi svarenda jókst með aldri. Þannig voru hlutfallslega fæstir svarendur fimmtugir, eða 2%, en átta af hverjum hundrað 66 ára. Upplýsingar um nánari aldursdreifingu er að finna í töflu 4.

## Tafla 4. Aldursdreifing þátttakenda

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 50 | 25 | 2% | 2% |
| 51 | 67 | 5% | 5% |
| 52 | 82 | 6% | 6% |
| 53 | 76 | 6% | 6% |
| 54 | 59 | 4% | 4% |
| 55 | 82 | 6% | 6% |
| 56 | 69 | 5% | 5% |
| 57 | 79 | 6% | 6% |
| 58 | 83 | 6% | 6% |
| 59 | 83 | 6% | 6% |
| 60 | 69 | 5% | 5% |
| 61 | 94 | 7% | 7% |
| 62 | 96 | 7% | 7% |
| 63 | 90 | 7% | 7% |
| 64 | 105 | 8% | 8% |
| 65 | 109 | 8% | 8% |
| 66 | 106 | 8% | 8% |
| **Fjöldi svara** | **1374** | **100%** | |
| Vil ekki svara | 0 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

# Bakgrunnur þátttakenda

Hlutfallslega flestir af þátttakendum í könnuninni höfðu lokið grunnnámi í háskóla, eða rúmur fimmtungur (21%). Um 18% höfðu lokið meistaranámi í háskóla, 16% grunnskólanámi eða minna og 14% starfsnámi. Þá hafði í kringum tíundi hver annars vegar lokið iðnnámi (11%) og hins vegar bóklegu námi á framhaldsskólastigi (10%). Nánari dreifingu svara má sjá í töflu 5.

**Tafla 5. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Grunnskólanám eða minna | 220 | 16% | 16% |
| Starfsnám | 182 | 14% | 14% |
| Iðnnám | 153 | 11% | 11% |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 133 | 10% | 10% |
| Nám í sérskóla á háskólastigi | 113 | 8% | 8% |
| Grunnnám í háskóla | 276 | 21% | 21% |
| Meistaranám í háskóla | 248 | 18% | 18% |
| Doktorsnám | 16 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **1341** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 33 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var til staðar þegar konur úr rannsóknarhópi voru bornar saman við konur í samanburðarhópi m.t.t. menntunar. Þannig höfðu mun fleiri í fyrrnefnda hópnum einungis lokið grunnnámi eða minna, eða 22% samanborið við 9% í síðarnefnda hópnum. Þá hafði fimmta hver kona úr rannsóknarhópi klárað starfsnám og tíunda hver iðnnám samanborið við 13% og 5% kvenna í samanburðarhópi. Á hinn bóginn höfðu hlutfallslega fleiri úr samanburðarhópi klárað háskólanám, hvort sem var á grunn- eða framhaldsstigi, eða 53% samanborið við 27% kvenna í rannsóknarhópi. Álíka margar, hlutfallslega, höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi og námi í sérskóla á háskólastigi, eða á milli 8–11% svarenda. Nánari útlistun svara má finna á mynd 1.

Einnig var tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar konur í rannsóknarhópi voru bornar saman við karla í TR-úrtaki m.t.t. menntunar. Á mynd 2 má sjá að tæplega þriðjungur karla (32%) var með grunnskólapróf eða minna og 37% höfðu lokið iðnnámi. Þrír af hundraði höfðu lokið starfsnámi, fjórir af hundraði námi í sérskóla á háskólastigi og 9% grunnnámi í háskóla.




**Mynd 1. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 2. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? – TR-úrtak**

Langflestir, eða 96% svarenda könnunarinnar, voru og hafa alltaf verið íslenskir ríkisborgarar (tafla 6). Ekki var gerður samanburður á milli hópa þar sem svarendur í samanburðarhópi voru allir íslenskir ríkisborgarar.

**Tafla 6. Ert þú íslenskur ríkisborgari?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já, ég hef verið íslenskur ríkisborgari alla ævi | 1300 | 96% | 96% |
| Já, en hef ekki alltaf verið íslenskur ríkisborgari | 30 | 2% | 2% |
| Nei, er ekki íslenskur ríkisborgari | 23 | 2% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **1353** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 21 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tæplega helmingur þátttakenda svaraði því til að þeir byggju á tveggja manna heimili, eða 44%. Rúmlega fjórðungur (26%) bjó einn, 15% sögðust búa með tveimur öðrum og rúmlega tíundi hver (11%) að hann byggi með þremur öðrum. Dreifingu svara má sjá í töflu 7.

**Tafla 7. Hversu mörg búa á heimili þínu að þér meðtöldum/meðtaldri/meðtöldu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Einn | 351 | 26% | 26% |
| Tveir | 581 | 44% | 44% |
| Þrír | 199 | 15% | 15% |
| Fjórir | 143 | 11% | 11% |
| Fimm | 37 | 3% | 3% |
| Sex | 16 | 1% | 1% |
| Sjö eða fleiri | 5 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **1332** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 42 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var til staðar þegar konur úr rannsóknarhópi voru bornar saman við konur í samanburðarhópi. Svarendur í rannsóknarhópi voru þannig líklegri til að búa einar, eða 29% þeirra samanborið við 22% kvenna í samanburðarhópi. Jafnframt voru þær líklegri til að búa með einum öðrum, eða 47% samanborið við 42%, en á móti voru hlutfallslega færri sem bjuggu í stærra heimilishaldi eins og sjá má á mynd 3.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar fjöldi á heimili var greindur eftir því hvort um karl í TR-úrtaki eða konu í rannsóknarhópi var um að ræða (mynd 4).




**Mynd 3. Hversu mörg búa á heimili þínu að þér meðtöldum/meðtaldri/meðtöldu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 4. Hversu mörg búa á heimili þínu að þér meðtöldum/meðtaldri/meðtöldu? – TR-úrtak**

Þátttakendur voru spurðir að því hvernig búsetu þeirra væri háttað. Langflestir svarendur, eða 83%, sögðust búa í eigin húsnæði. Tíundi hver leigði húsnæði á almennum leigumarkaði og sjö af hundraði nefndu annan húsnæðismáta (tafla 8).

**Tafla 8. Hvernig er búsetu þinni háttað?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Bý í eigin húsnæði | 1115 | 83% |
| Leigi húsnæði á almennum leigumarkaði | 135 | 10% |
| Bý í félagslegu leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka | 37 | 3% |
| Bý á sambýli eða íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk | 2 | 0% |
| Annað | 53 | 4% |
| **Fjöldi svara** | **1342** | **100%** |
| Veit ekki / vil ekki svara | 32 | |
| **Alls** | **1374** | |

Þegar svör voru borin saman eftir því hvort um var að ræða konur í rannsóknar- eða samanburðarhópi má sjá að konur í rannsóknarhópi voru ólíklegri til þess að búa í eigin húsnæði, en 77% þátttakenda svaraði á þá leið samanborið við 91% kvenna í samanburðarhópi (mynd 5). Jafnframt var tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar konur í rannsóknarhópi voru borin saman við TR-úrtak karla, en karlar voru ólíklegri en konur til að búa í eigin húsnæði, eða rúmlega tveir af hverjum þremur (68%). Sjá mynd 6.




**Mynd 5. Hvernig er búsetu þinni háttað? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 6. Hvernig er búsetu þinni háttað? – TR-úrtak**

Rúmlega helmingur svarenda (56%) voru með 900 þúsund krónur eða minna í heildar heimilistekjur á mánuði fyrir skatt. Hlutfallslega flestir voru með á bilinu 701–900 þúsund krónur fyrir skatt, eða 15%, 13 af hundraði voru með tekjur á bilinu 901 þúsund til 1,1 milljón og rúmlega fimmtungur svarenda var með tekjur á bilinu 301–500 þúsund. Nánari dreifingu svara má finna í töflu 9.

**Tafla 9. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| 200 þús. kr. eða lægri | 11 | 1% | 1% |
| 201-300 þús. kr. | 41 | 4% | 4% |
| 301-400 þús. kr. | 122 | 11% | 11% |
| 401-500 þús. kr. | 114 | 10% | 10% |
| 501-600 þús. kr. | 92 | 8% | 8% |
| 601-700 þús. kr. | 85 | 7% | 7% |
| 701-900 þús. kr. | 174 | 15% | 15% |
| 901 þús. - 1,1 milljón kr. | 150 | 13% | 13% |
| 1,1-1,3 milljónir kr. | 89 | 8% | 8% |
| 1,3-1,5 milljónir kr. | 74 | 6% | 6% |
| 1,5-1,7 milljónir kr. | 44 | 4% | 4% |
| 1,71-2 milljónir kr. | 63 | 6% | 6% |
| 2,1-2,5 milljónir kr. | 45 | 4% | 4% |
| Yfir 2,5 milljónir | 38 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **1142** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 232 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Töluverður munur var á tekjudreifingu eftir hópum þegar konur í rannsóknarhópi og samanburðarhópi voru bornar saman. Þannig var rúmlega fjórðungur (26%) kvenna í rannsóknarhópi með heimilistekjur undir 401 þúsund krónum á mánuði (samanborið við 6% kvenna í samanburðarhópi) en á hinum endanum, hjá þeim sem voru með yfir 1,5 milljónir króna á mánuði, mátti finna tæplega fjórðung (23%) kvenna í samanburðarhópi (samanborið við 3% kvenna í rannsóknarhópi). Einungis 15 af hundraði kvenna í rannsóknarhópi voru með heimilistekjur yfir 900 þúsund krónum á mánuði en 49% kvenna í samanburðarhópi. Nánari útlistun svara má sjá á mynd 7.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar dreifing heildar heimilistekna á mánuði var greind eftir kyni meðal þátttakenda í TR-úrtaki (mynd 8).




**Mynd 7. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 8. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt? – TR-úrtak**

Þátttakendur í TR-úrtaki voru spurðir að því hvaða heilsufarsþáttur þeir töldu að væri helsta orsök fyrir örorku sinni (tafla 10). Tæplega helmingur nefndi stoðkerfissjúkdóma (44%) og um tíundi hver kulnun og streitu (12%) og sjúkdóma í taugakerfi og skynfærum (11%). Konur (14%) voru líklegri en karlmenn (8%) til að glíma við kulnun og streitu, að hafa fengið krabbamein (8% samanborið við 4% karla) og að búa við stoðkerfissjúkdóma (45% samanborið við 42%) Sjá mynd 9. Athygli vekur að svör þátttakenda í könnuninni eru frábrugðin opinberum tölum varðandi helstu ástæður örorkumats. Í fyrstu greiningu í læknisvottorði eru geðraskanir taldar lang algengasti heilsufarsþátturinn að baki örorku (Tryggingastofnun, 2025b) en einungis 7% svarenda nefna andleg veikindi sem helstu orsök fyrir örorku sinni.

**Tafla 10. Hvaða heilsufarsþáttur telur þú að sé helsta orsök fyrir örorku þinni?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Stoðkerfissjúkdómar | 268 | 44% | 44% |
| Andleg veikindi | 40 | 7% | 7% |
| Kulnun og streita | 73 | 12% | 12% |
| Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum | 70 | 11% | 11% |
| Krabbamein | 38 | 6% | 6% |
| Hjarta- og æðasjúkdómar | 25 | 4% | 4% |
| Meltingafærasjúkdómar | 10 | 2% | 2% |
| Annað | 90 | 15% | 15% |
| **Fjöldi svara** | **614** | **100%** | |
| **Á ekki við / ekki spurt** | **730** | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 30 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 9. Hvaða heilsufarsþáttur telur þú að sé helsta orsök fyrir örorku þinni? – TR-úrtak**

# Vinnumarkaður

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu þeirra af vinnumarkaði, núverandi atvinnustöðu, ástæður starfsloka þar sem það átti við, almennt um aðstæður á vinnustað, eðli starfs og starfsemi, um mögulegt áreiti og álag á vinnustað, ásamt heilbrigði vinnustaðar og vinnuaðstöðu.

Svör þátttakenda skiptust nokkuð jafnt þegar þeir voru spurðir að því hvort þeir væru í launuðu starfi (tafla 11). Rúmur helmingur (52%) svaraði á þá leið að hann væri í launuðu starfi eða sjálfstætt starfandi en tæplega helmingur (48%) að hann væri ekki í launuðu starfi.

**Tafla 11. Ert þú í launuðu starfi núna (sem starfsmaður eða sjálfstætt starfandi)?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já, er í launuðu starfi eða sjálfstætt starfandi | 707 | 52% | 52% |
| Nei, er ekki í launuðu starfi | 649 | 48% | 48% |
| **Fjöldi svara** | **1356** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 18 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Mikill munur var hins vegar á svörum þátttakenda eftir því hvort um var að ræða konur í rannsóknar- eða samanburðarhópi. Þannig voru 83% kvenna í samanburðarhópi í launuðu starfi eða sjálfstætt starfandi en 17% kvenna í rannsóknarhópi (mynd 10). Á hinn bóginn var ekki tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar svör karla í TR-úrtaki og kvenna í rannsóknarhópi voru borin saman (sjá mynd 11).




**Mynd 10. Ert þú í launuðu starfi núna (sem starfsmaður eða sjálfstætt starfandi)? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 11. Ert þú í launuðu starfi núna (sem starfsmaður eða sjálfstætt starfandi)? – TR-úrtak**

Um 62% svarenda sögðust vinna fullt starf (37 stundir eða meira á viku). Þá sögðu 16% að þau ynnu 25–36 stundir á viku, 12% að þau ynnu 15–24 stundir á viku, 7% unnu 5–14 stundir og þrír af hundraði minna en fimm stundir á viku (tafla 12).

**Tafla 12. Hvað vinnur þú margar stundir á viku, að jafnaði?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| 37 stundir eða meira (fullt starf) | 436 | 62% | 62% |
| 25-36 stundir | 114 | 16% | 16% |
| 15-24 stundir | 84 | 12% | 12% |
| 5-14 stundir | 48 | 7% | 7% |
| Minna en fimm stundir á viku | 18 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **700** | **100%** | |
| Á ekki við | 667 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 7 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Þegar svör voru greind eftir því hvort um var að ræða konur í samanburðar- eða rannsóknarhópi (mynd 12) má sjá að tæplega níu af hverjum 10 (89%) konum í fyrrnefnda hópnum vann 25 stundir eða meira en tæplega tíunda hver (9%) í síðarnefnda hópnum. Í rannsóknarhópi unnu 46% kvenna 15–24 stundir á viku og 45% unnu minna en 15 stundir, samanborið við 7% og 4% kvenna í samanburðarhópi.

Karlar í TR-úrtaki voru einnig líklegri til þess að vinna fleiri stundir á viku en konur í rannsóknarhópi en rúmlega þriðjungur (34%) þeirra vann 25 stundir eða fleiri og 31% vann á bilinu 15–24 stundir á viku. Rúmlega þriðjungur (34%) vann minna en 15 stundir í viku (mynd 13).




**Mynd 12. Hvað vinnur þú margar stundir á viku, að jafnaði? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 13. Hvað vinnur þú margar stundir á viku, að jafnaði? – TR-úrtak**

Svarendur í TR-úrtaki voru spurðir að því hvort þeir hefðu verið í endurhæfingu áður en þeir sóttu um örorkulífeyri. Átta af hverju tíu sögðu svo hafa verið en fimmtungur svaraði því neitandi (tafla 13). Spurningin var ekki lögð fyrir panel-úrtak.

Konur voru líklegri en karlar til þess að hafa verið í endurhæfingu áður en þær sóttu um örorkulífeyri, eða 84% samanborið við 74% karla (mynd 14).

**Tafla 13. Varst þú í endurhæfingu áður en þú sóttir um örorkulífeyri?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 505 | 80% | 80% |
| Nei | 123 | 20% | 20% |
| **Fjöldi svara** | **628** | **100%** | |
| **Á ekki við / ekki spurt** | 730 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 16 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 14. Varst þú í endurhæfingu áður en þú sóttir um örorkulífeyri? – TR-úrtak**

Allir þátttakendur sem ekki voru í starfi voru spurðir að því hvenær þeir hefðu síðast verið í launaðri vinnu (tafla 14). Tíundi hver hafði verið í vinnu fyrir innan við ári síðan, rúmlega helmingur (56%) fyrir einu til fimm árum síðan, rúmlega fjórðungur (26%) fyrir sex til tíu árum og 9% fyrir meira en tíu árum síðan.

**Tafla 14. Hvenær varst þú síðast í launaðri vinnu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Fyrir innan við ári síðan | 61 | 10% | 10% |
| Fyrir einu til fimm árum | 353 | 56% | 56% |
| Fyrir sex til tíu árum | 165 | 26% | 26% |
| Fyrir meira en 10 árum | 56 | 9% | 9% |
| **Fjöldi svara** | **635** | **100%** | |
| Á ekki við | 729 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 10 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var á svörum kvenna við sömu spurningu eftir því hvort þær tilheyrðu rannsóknar- eða samanburðarhópi. Þannig sögðust 8% kvenna í rannsóknarhópi hafa síðast verið í vinnu fyrir innan við ári síðan, 60% fyrir einu til fimm árum, 29% fyrir sex til tíu árum og 4% fyrir meira en tíu árum. Á móti höfðu 16% kvenna í samanburðarhópi síðast verið í vinnu fyrir innan við ári síðan, rúmur þriðjungur (34%) fyrir einu til fimm árum síðan, 21% fyrir sex til tíu árum og 30% fyrir meira en tíu árum (mynd 15).

Ekki reyndist marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 16).




**Mynd 15. Hvenær varst þú síðast í launaðri vinnu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 16. Hvenær varst þú síðast í launaðri vinnu? – TR-úrtak**

Langflestir þeirra svarenda sem ekki voru í vinnu sögðust hafa þurft að hætta í síðasta starfi sínu vegna heilsufarsvanda, öðrum en þeim sem hlaust af völdum vinnuslyss, eða 77%. Þá sögðu 6% svarenda að þeir hefðu hætt vegna vinnuslyss og 5% vegna álags í starfi. Þátttakendur gátu merkt við fleiri en einn valkost og því er hlutfall svarenda alls yfir 100%. Nánari dreifingu svara má sjá í töflu 15.

**Tafla 15. Hver er helsta ástæða þess að síðasta starfi þínu lauk?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Ég þurfti að hætta vegna vinnuslyss | 36 | 6% | 6% |
| Ég þurfti að hætta vegna heilsufarsvanda (ekki af völdum vinnuslyss) | 497 | 77% | 77% |
| Starf mitt var lagt niður vegna samdráttar á vinnustaðnum | 19 | 3% | 3% |
| Starf mitt var lagt niður vegna tæknivæðingar á vinnustaðnum | 5 | 1% | 1% |
| Mér var sagt upp af öðrum ástæðum | 31 | 5% | 5% |
| Ráðningarsamningur minn rann út | 3 | 0% | 0% |
| Ég sagði upp vegna samskiptavanda á vinnustaðnum | 16 | 2% | 2% |
| Ég sagði upp vegna álags í starfi | 31 | 5% | 5% |
| Ég sagði upp vegna fjölskylduaðstæðna eða annarra persónulegra ástæðna | 11 | 2% | 2% |
| Starfinu lauk af öðrum ástæðum en komu fram hér að ofan | 59 | 9% | 9% |
| **Fjöldi svarenda** | **641** | **110%** | |
| Á ekki við | 729 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 4 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Tölfræðilega marktækur munur reyndist á milli kvenna í rannsóknarhópi annars vegar og samanburðarhópi hins vegar, þegar spurt var um helstu ástæðu þess að síðasta starfi þeirra lauk. Þannig voru konur í fyrrnefnda hópnum líklegri til þess að hafa hætt vegna heilsufarsvanda, eða 82% samanborið við 62% kvenna í síðarnefnda hópnum (tafla 16).

Þá sýndi samanburður á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki að karlar voru líklegri til þess að hafa þurft að hætta vegna vinnuslyss, eða einn af hverjum tíu samanborið við 3% kvenna. Að öðru leyti reyndist ekki marktækur munur á svörum eftir kyni þátttakenda. Sjá töflu 17.

## Tafla 16. Hver er helsta ástæða þess að síðasta starfi þínu lauk? – Samanburðar- og rannsóknarhópur

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| **Ég þurfti að hætta vegna vinnuslyss óg** | | | |
| Rannsóknarhópur | 97% | 3% | 349 |
| Samanburðarhópur | 94% | 6% | 121 |
| **Ég þurfti að hætta vegna heilsufarsvanda*** ** | | | |
| Rannsóknarhópur | 18% | 82% | 349 |
| Samanburðarhópur | 38% | 62% | 121 |
| **Starf mitt var lagt niður vegna samdráttar á vinnustaðnum óg** | | | |
| Rannsóknarhópur | 97% | 3% | 349 |
| Samanburðarhópur | 98% | 2% | 121 |
| **Starf mitt var lagt niður vegna tæknivæðingar á vinnustaðnum óg** | | | |
| Rannsóknarhópur | 99% | 1% | 349 |
| Samanburðarhópur | 99% | 1% | 121 |
| **Mér var sagt upp af öðrum ástæðum** | | | |
| Rannsóknarhópur | 94% | 6% | 349 |
| Samanburðarhópur | 96% | 4% | 121 |
| **Ráðningarsamningur minn rann út óg** | | | |
| Rannsóknarhópur | 100% | 0% | 349 |
| Samanburðarhópur | 98% | 2% | 121 |
| **Ég sagði upp vegna samskiptavanda á vinnustaðnum óg** | | | |
| Rannsóknarhópur | 98% | 2% | 349 |
| Samanburðarhópur | 95% | 5% | 121 |
| **Ég sagði upp vegna álags í starfi óg** | | | |
| Rannsóknarhópur | 97% | 3% | 349 |
| Samanburðarhópur | 93% | 7% | 121 |
| **Ég sagði upp vegna fjölskylduaðstæðna eða annarra persónulegra ástæðna óg** | | | |
| Rannsóknarhópur | 99% | 1% | 349 |
| Samanburðarhópur | 96% | 4% | 121 |
| **Starfinu lauk af öðrum ástæðum en komu fram hér að ofan*** * | | | |
| Rannsóknarhópur | 92% | 8% | 349 |
| Samanburðarhópur | 83% | 17% | 121 |

Marktækur munur er á hópum; $*p < 0{,}05$, $**p < 0{,}01$, $***p < 0{,}001$

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 17. Hver er helsta ástæða þess að síðasta starfi þínu lauk? – TR-úrtak**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Ég þurfti að hætta vegna vinnuslyss** ** | | | | |
| Karl | 90% | 10% | 171 | 10% |
| Kona | 97% | 3% | 349 | 3% |
| **Ég þurfti að hætta vegna heilsufarsvanda** | | | | |
| Karl | 20% | 80% | 171 | 80% |
| Kona | 18% | 82% | 349 | 82% |
| **Starf mitt var lagt niður vegna samdráttar á vinnustaðnum** | | | | |
| Karl | 96% | 4% | 171 | 4% |
| Kona | 97% | 3% | 349 | 3% |
| **Starf mitt var lagt niður vegna tæknivæðingar á vinnustaðnum** óg | | | | |
| Karl | 99% | 1% | 171 | 1% |
| Kona | 99% | 1% | 349 | 1% |
| **Mér var sagt upp af öðrum ástæðum** | | | | |
| Karl | 97% | 4% | 171 | 4% |
| Kona | 94% | 6% | 349 | 6% |
| **Ráðningarsamningur minn rann út** óg | | | | |
| Karl | - | - | - | |
| Kona | - | - | - | |
| **Ég sagði upp vegna samskiptavanda á vinnustaðnum** | | | | |
| Karl | 98% | 2% | 171 | 2% |
| Kona | 98% | 2% | 349 | 2% |
| **Ég sagði upp vegna álags í starfi*** | | | | |
| Karl | 93% | 7% | 171 | 7% |
| Kona | 97% | 3% | 349 | 3% |
| **Ég sagði upp vegna fjölskylduaðstæðna eða annarra persónulegra ástæðna** óg | | | | |
| Karl | 99% | 1% | 171 | 1% |
| Kona | 99% | 1% | 349 | 1% |
| **Starfinu lauk af öðrum ástæðum en komu fram hér að ofan** | | | | |
| Karl | 94% | 6% | 171 | 6% |
| Kona | 92% | 8% | 349 | 8% |

Marktækur munur er á hópum; $*p < 0{,}05$, $**p < 0{,}01$, $***p < 0{,}001$

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu treyst sér að minnka við sig vinnu í stað þess að hætta alfarið störfum. Mikill meirihluti, eða 84%, svaraði því neitandi (sjá töflu 18).

Hvorki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum kvenna í samanburðar- og rannsóknarhópi (mynd 17), né á milli karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 18).

**Tafla 18. Hefðir þú treyst þér til að minnka við þig vinnu í stað þess að hætta alfarið störfum?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 83 | 16% | 16% |
| Nei | 427 | 84% | 84% |
| **Fjöldi svara** | **510** | **100%** | |
| Á ekki við | 821 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 43 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 17. Hefðir þú treyst þér til að minnka við þig vinnu í stað þess að hætta alfarið störfum? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 18. Hefðir þú treyst þér til að minnka við þig vinnu í stað þess að hætta alfarið störfum? – TR-úrtak**

Þegar spurt var hvort það hefði verið í boði á síðasta vinnustað þátttakenda að vera í hlutastarfi sögðu 56% svo ekki hafa verið en 44% svaraði því játandi (tafla 19).

**Tafla 19. Var í boði á þínum síðasta vinnustað að vera í hlutastarfi?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 216 | 44% | 44% |
| Nei | 278 | 56% | 56% |
| **Fjöldi svara** | **494** | **100%** | |
| Á ekki við | 821 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 59 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Ekki reyndist munur á svörum kvenna í rannsóknarhópi annars vegar og samanburðarhópi hins vegar (mynd 19) en konur í rannsóknarhópi voru líklegri en karlar í TR-úrtaki til að svara því játandi, eða rétt rúmur helmingur kvenna á móti 31% karla (mynd 20).




**Mynd 19. Var í boði á þínum síðasta vinnustað að vera í hlutastarfi? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 20. Var í boði á þínum síðasta vinnustað að vera í hlutastarfi? – TR-úrtak**

Allir þátttakendur könnunarinnar voru spurðir að því hvers konar starfsemi færi fram á núverandi vinnustað þeirra eða í síðasta starfi sem þeir sinntu ef þeir voru ekki í vinnu og/eða áður en þeir fóru að finna fyrir þeim heilsufarsvanda sem varð til þess að þeir sóttu um örorkulífeyri. Tæplega fjórðungur svarenda (23%) sögðust hafa starfað við menntun, fræðslu- og/eða uppeldisstarfsemi. Um fimmtungur (19%) sagðist hafa unnið í heilbrigðis- og/eða félagsþjónustu og tæplega tíundi hver nefndi verslun, viðgerðir og/eða vörudreifingu (9%). Nánari útlistun svara má finna í töflu 20.

**Tafla 20. Hvers konar starfsemi fór aðallega fram á vinnustaðnum í síðasta starfi þínu?[1,2]**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Fiskvinnsla, landbúnaður og matvælaframleiðsla | 84 | 6% | 6% |
| Annar iðnaður eða framleiðsla | 52 | 4% | 4% |
| Veitustarfsemi | 12 | 1% | 1% |
| Verslun, viðgerðir og/eða vörudreifing | 116 | 9% | 9% |
| Hótel og gisting eða veitingasala og -þjónusta | 46 | 3% | 3% |
| Farþegaflutningar og ferðatengd starfsemi af ýmsu tagi | 65 | 5% | 5% |
| Sérfræðileg og vísindaleg starfsemi og upplýsingatækni | 71 | 5% | 5% |
| Fjármálastarfsemi, tryggingar eða fasteignaviðskipti | 68 | 5% | 5% |
| Heilbrigðis- og/eða félagsþjónusta | 248 | 19% | 19% |
| Opinber stjórnsýsla, almannatryggingar og starfsemi sem tengist almannaöryggi | 62 | 5% | 5% |
| Menntun, fræðsla og/eða uppeldisstarfsemi | 310 | 23% | 23% |
| Menningar-, íþrótta- eða tómstundastarfsemi eða starfsemi félagasamtaka | 48 | 4% | 4% |
| Önnur þjónusta | 43 | 3% | 3% |
| Önnur starfsemi en kemur fram að ofan | 106 | 8% | 8% |
| **Fjöldi svara** | **1331** | **100%** | |
| Á ekki við | 22 | | |
| Vil ekki svara | 21 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur reyndist á svörum kvenna í samanburðarhópi samanborið við konur í rannsóknarhópi. Þannig hafði tæpur fjórðungur (24%) svarenda í síðarnefnda hópnum starfað í heilbrigðis- og/eða félagsþjónustu en fimmtungur kvenna í samanburðarhópi. Konur í rannsóknarhópi voru hins vegar ólíklegri til þess að hafa unnið innan opinberrar stjórnsýslu, við almannatryggingar eða -öryggi (2%) og menntun, fræðslu- og uppeldisstarfsemi (18%) en konur í samanburðarhópi. Sjö af hundraði þeirra hafði starfað við hið fyrstnefnda og um þriðjungur þeirra (32%) við hið síðastnefnda. Nánari dreifingu svara má sjá á mynd 21.

Sömu sögu er að segja þegar samanburður var gerður á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki. Um 17% karla starfaði við fiskvinnslu, landbúnað og matvælaframleiðslu (samanborið við 6% kvenna) og tólf af hundraði við annan iðnað eða framleiðslu, samanborið við 3% kvenna. Rúmlega tíundi hver (11%) starfaði við farþegaflutninga og ferðatengda starfsemi en 3% kvenna. Fjórir af hundraði störfuðu svo annars vegar í heilbrigðis- og/eða félagsþjónustu og hins vegar við menntun, fræðslu- og/eða uppeldisstarfsemi. Nánari upplýsingar um starfsemi eftir kyni má sjá á mynd 22.

[1] Þátttakendur sem voru í vinnu voru spurðir eftirfarandi spurningar: Hvers konar starfsemi fer aðallega fram á vinnustaðnum?
[2] Þátttakendur í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… áður en þú fórst að finna fyrir þeim heilsufarsvanda sem varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri“.




**Mynd 21. Hvers konar starfsemi fór aðallega fram á vinnustaðnum í síðasta starfi þínu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 22. Hvers konar starfsemi fór aðallega fram á vinnustaðnum í síðasta starfi þínu? – TR-úrtak**

Meirihluti svarenda, 59%, sagðist aldrei hafa verið í snertingu við eða andað að sér heilsuspillandi efnum. Fjórðungur sagðist það hafa gerst sjaldan og tíundi hver stundum. Fimm af hundraði sagði hafa upplifað það oft (tafla 21).

**Tafla 21. Hefur þú verið [varst þú] í snertingu við eða andaðir að þér heilsuspillandi efnum?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Aldrei | 751 | 59% |
| Sjaldan | 326 | 25% |
| Stundum | 134 | 10% |
| Oft | 70 | 5% |
| **Fjöldi svara** | **1281** | **100%** |
| Á ekki við | 80 | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 13 | |
| **Alls** | **1374** | |

Konur í rannsóknarhópi voru ólíklegri til þess að hafa nokkurn tímann verið í snertingu við eða andað að sér heilsuspillandi efnum, samanborið við konur í samanburðarhópi, eða tæplega tvær af hverjum þremur (66%) samanborið við 59% kvenna í síðarnefnda hópnum (mynd 23). Einnig voru þær ólíklegri til þess að hafa upplifað það sjaldan, eða fimmtungur fyrrnefnda hópsins samanborið við 29% síðarnefnda hópsins.

Sömuleiðis voru karlar í TR-úrtaki mun líklegri en konur í rannsóknarhópi til þess að hafa gert það, hvort sem var oft (11%), stundum (21%) eða sjaldan (26%). Sjá mynd 24.




**Mynd 23. Hefur þú verið [varst þú] í snertingu við eða andaðir að þér heilsuspillandi efnum? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 24. Hefur þú verið [varst þú] í snertingu við eða andaðir að þér heilsuspillandi efnum? – TR-úrtak**

Tæplega þriðjungur (30%) svarenda sagðist hafa þurft að vinna í óþægilegri líkamsstellingu, lyfta þungu eða nota endurteknar hreyfingar við vinnu oft, fjórðungur stundum, 23% sjaldan og sama hlutfall aldrei (tafla 22).

**Tafla 22. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna i óþægilegri líkamsstellingu, lyfta þungu eða nota endurteknar hreyfingar við vinnu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Aldrei | 302 | 23% | 23% |
| Sjaldan | 300 | 23% | 23% |
| Stundum | 331 | 25% | 25% |
| Oft | 391 | 30% | 30% |
| **Fjöldi svara** | **1324** | **100%** | |
| Á ekki við | 46 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 4 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópa. Þannig voru konur í rannsóknarhópi mun líklegri en konur í samanburðarhópi til að hafa lent í því oft, eða 41% samanborið við 18% svarenda í samanburðarhópi (mynd 25).

Karlar í TR-úrtaki voru hins vegar líklegri en konur í rannsóknarhópi til þess að hafa upplifað það stundum eða oft, eða 73% samanborið við 63% kvenna (mynd 26).




**Mynd 25. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna í óþægilegri líkamsstellingu, lyfta þungu eða nota endurteknar hreyfingar við vinnu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 26. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna í óþægilegri líkamsstellingu, lyfta þungu eða nota endurteknar hreyfingar við vinnu? – TR-úrtak**

Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu þurft að fást við krefjandi félagslega eða tilfinningalega erfiðar aðstæður í vinnunni sagði rúmlega þriðjungur (34%) svarenda að það hefði komið fyrir oft og sama hlutfall stundum. Fimmtungur svarenda sagðist hafa upplifað það sjaldan og 12% aldrei (tafla 23).

**Tafla 23. Hefur þú þurft [þurftir þú] að fást við krefjandi félagslega eða tilfinningalega erfiðar aðstæður í vinnunni?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Aldrei | 159 | 12% | 12% |
| Sjaldan | 265 | 20% | 20% |
| Stundum | 452 | 34% | 34% |
| Oft | 460 | 34% | 34% |
| **Fjöldi svara** | **1336** | **100%** | |
| Á ekki við | 31 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 7 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var á svörum kvenna eftir því hvort þær tilheyrðu rannsóknar- eða samanburðarhópi. Þannig sögðust 41% kvenna í fyrrnefnda hópnum að þær hefðu oft upplifað það samanborið við þriðjung svarenda í síðarnefnda hópnum (mynd 27).

Sömuleiðis voru konur í rannsóknarhópi líklegri en karlar í TR-úrtaki til þess að hafa fengist við krefjandi félagslegar eða tilfinningalegar aðstæður í vinnunni, en 45% karla höfðu upplifað það sjaldan eða aldrei samanborið við 26% kvenna í rannsóknarhópi (mynd 29).




**Mynd 27. Hefur þú þurft [þurftir þú] að fást við krefjandi félagslega eða tilfinningalega erfiðar aðstæður í vinnunni? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 28. Hefur þú þurft [þurftir þú] að fást við krefjandi félagslega eða tilfinningalega erfiðar aðstæður í vinnunni? – TR-úrtak**

Rúmlega fimmtungur svarenda (22%) hafði oft þurft að vinna við óþægileg vinnuskilyrði líkt og slæm birtuskilyrði, kulda, hávaða eða titring og fjórðungur að auki hafði gert það stundum (tafla 24). Rúmlega fjórðungur (26%) hafði upplifað slíkt sjaldan en 27% aldrei.

**Tafla 24. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna við óþægileg vinnuskilyrði líkt og slæm birtuskilyrði, kulda, hávaða eða titring?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Aldrei | 354 | 27% |
| Sjaldan | 348 | 26% |
| Stundum | 330 | 25% |
| Oft | 299 | 22% |
| **Fjöldi svara** | **1331** | **100%** |
| Á ekki við | 39 | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 4 | |
| **Alls** | **1374** | |

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á milli svara kvenna í rannsóknarhópi annars vegar og samanburðarhópi hins vegar (mynd 29). Þegar kemur að körlum og konum í TR-úrtaki, þá voru karlar líklegri en konur til að hafa unnið við slík vinnuskilyrði stundum eða oft, eða 68% samanborið við 44% kvenna (mynd 30).




**Mynd 29. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna við óþægileg vinnuskilyrði líkt og slæm birtuskilyrði, kulda, hávaða eða titring? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 30. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna við óþægileg vinnuskilyrði líkt og slæm birtuskilyrði, kulda, hávaða eða titring? – TR-úrtak**

Meirihluti svarenda sagðist einhvern tímann hafa þurft að vinna við aðstæður þar sem líkur eru á líkamlegri hættu eða tjóni, 11% oft, 19% stundum og 28% sjaldan (tafla 25).

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa unnið við slíkar aðstæður, eða 58% þeirra samanborið við 52% kvenna í samanburðarhópi (mynd 31). Á hinn bóginn voru karlar í TR-úrtaki líklegri en konur í rannsóknarhópi til að hafa upplifað það, eða tæplega fjórir af hverjum fimm (79%). Sjá mynd 32.

**Tafla 25. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna við aðstæður þar sem líkur eru á líkamlegri hættu eða tjóni?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Aldrei | 547 | 42% | 42% |
| Sjaldan | 363 | 28% | 28% |
| Stundum | 254 | 19% | 19% |
| Oft | 148 | 11% | 11% |
| **Fjöldi svara** | **1312** | **100%** | |
| Á ekki við | 51 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 11 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 31. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna við aðstæður þar sem líkur eru á líkamlegri hættu eða tjóni? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 32. Hefur þú þurft [þurftir þú] að vinna við aðstæður þar sem líkur eru á líkamlegri hættu eða tjóni? – TR-úrtak**

Þátttakendur í rannsóknarhópi fengu spurninguna: „Ef þú hugsar um vinnuna þína á þeim tíma sem þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri, myndir þú segja að þú hafir sjaldan eða oft verið líkamlega úrvinda eftir vinnudaginn?“. Þátttakendur í samanburðarhópi voru hins vegar beðnir um að meta vinnu sína undanfarin tíu ár út því hvort þeir hefðu orðið líkamlega úrvinda – sjaldan eða oft.

Fjórðungur svarenda hafði mjög oft eða alltaf orðið líkamlega úrvinda eftir vinnudaginn, 24% fremur oft og sama hlutfall stundum. Um 16% höfðu fremur sjaldan orðið líkamlega úrvinda og tíu af hundraði mjög sjaldan eða aldrei (tafla 26).

**Tafla 26. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár[3], myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú hafir verið líkamlega úrvinda eftir vinnudaginn**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Mjög sjaldan eða aldrei | 139 | 10% |
| Fremur sjaldan | 218 | 16% |
| Stundum | 330 | 24% |
| Fremur oft | 321 | 24% |
| Mjög oft eða alltaf | 339 | 25% |
| **Fjöldi svara** | **1347** | **100%** |
| Á ekki við | 4 | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 23 | |
| **Alls** | **1374** | |

Tölfræðilega marktækur munur reyndist til staðar þegar samanburður var gerður á svörum kvenna í rannsóknarhópi annars vegar og samanburðarhópi hins vegar. Þannig voru konur í rannsóknarhópi líklegri til þess að hafa fremur oft, mjög oft eða alltaf orðið líkamlega úrvinda

[3] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „Ef þú hugsar um vinnuna þína á þeim tíma sem þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri …“.

eftir vinnudaginn, eða 71% samanborið við þriðjung kvenna í samanburðarhópi (mynd 33). Að sama skapi höfðu þær oftar orðið mjög oft eða alltaf líkamlega úrvinda samanborið við karla í TR-úrtaki, eða 46% kvenna í rannsóknarhópi á móti 30% karla (mynd 34).




**Mynd 33. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú hafir verið líkamlega úrvinda eftir vinnudaginn? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 34. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú hafir verið líkamlega úrvinda eftir vinnudaginn? – TR-úrtak**

Með sama fyrirvara og að ofan með tilliti til orðalags spurningar, þ.e. að spurningin var aðlöguð eftir hópum, svaraði rúmlega fjórðungur (26%) þátttakenda á þá leið að hann hefði mjög oft eða alltaf orðið andlega úrvinda eftir vinnudaginn. Að auki sögðust 30% svarenda það hafa komið fyrir fremur oft. Um 27% svarenda sögðu það hafa komið fyrir stundum, 11% sjaldan en 7% aldrei (tafla 27).

**Tafla 27. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár[4], myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú hafir verið andlega úrvinda eftir vinnudaginn**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Mjög sjaldan eða aldrei | 88 | 7% |
| Fremur sjaldan | 149 | 11% |
| Stundum | 359 | 27% |
| Fremur oft | 397 | 30% |
| Mjög oft eða alltaf | 352 | 26% |
| **Fjöldi svara** | **1345** | **100%** |
| Á ekki við | 4 | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 25 | |
| **Alls** | **1374** | |

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa upplifað það mjög oft eða alltaf, bæði í samanburði við konur í samanburðarhópi og karla í TR-úrtaki. Tvær af hverjum fimm konum í rannsóknarhópi höfðu orðið andlega úrvinda í vinnunni mjög oft eða alltaf, samanborið við 18% kvenna í samanburðarhópi (mynd 35) og 27% karla (mynd 36).




**Mynd 35. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú hafir verið andlega úrvinda eftir vinnudaginn? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

[4] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „Ef þú hugsar um vinnuna þína á þeim tíma sem þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri …“.




**Mynd 36. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú hafir verið andlega úrvinda eftir vinnudaginn? – TR-úrtak**

Með sama fyrirvara og áður varðandi orðalag spurningar, sögðu 14% þátttakenda að þeir hefðu upplifað mjög oft eða alltaf að vinnuálagið hafi verið svo mikið að verkefnin hlóðust upp. Um fimmtungur (21%) sagði að það hefði átt við fremur oft, tæpur þriðjungur (32%) það stundum hafa átt við, 21% að það hafi komið fyrir en fremur sjaldan en 12% svarenda að það ætti ekki við (tafla 28).

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum þátttakenda eftir því hvaða hópi þau tilheyrðu (myndir 37 og 38).

**Tafla 28. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár[5], myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að vinnuálagið hafi verið svo mikið að verkefnin hlóðust upp**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Mjög sjaldan eða aldrei | 156 | 12% | 12% |
| Fremur sjaldan | 281 | 21% | 21% |
| Stundum | 424 | 32% | 32% |
| Fremur oft | 281 | 21% | 21% |
| Mjög oft eða alltaf | 190 | 14% | 14% |
| **Fjöldi svara** | **1332** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 38 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

[5] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „Ef þú hugsar um vinnuna þína á þeim tíma sem þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri …“.




**Mynd 37. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að vinnuálagið hafi verið svo mikið að verkefnin hlóðust upp? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 38. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að vinnuálagið hafi verið svo mikið að verkefnin hlóðust upp? – TR-úrtak**

Að teknu tilliti til mismunandi orðalags spurningarinnar eins og áður, sagði fimmtungur þátttakenda að hann hefði þurft mjög oft eða alltaf að vinna á miklum hraða sl. tíu ár eða frá þeim tíma sem viðkomandi fór að finna fyrir heilsufarsvanda sem síðar varð til þess að hann sótti um örorkulífeyri. Þá sögðu 27% svarenda að þeir hefðu fremur oft þurft að vinna á miklum hraða, 35% stundum, 11% fremur sjaldan og 7% mjög sjaldan eða aldrei (tafla 29).

Tölfræðilega marktækur munur reyndist á svörum kvenna í rannsóknarhópi og samanburðarhópi en 29% þeirra í rannsóknarhópnum sögðu það hafa komið fyrir fremur oft og 26% mjög oft eða alltaf, samanborið við 25% og 13% í síðarnefnda hópnum (sjá mynd 39). Ekki var marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 40).

**Tafla 29. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár[6], myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú þurftir að vinna á miklum hraða**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Mjög sjaldan eða aldrei | 95 | 7% |
| Fremur sjaldan | 148 | 11% |
| Stundum | 468 | 35% |
| Fremur oft | 363 | 27% |
| Mjög oft eða alltaf | 266 | 20% |
| **Fjöldi svara** | **1340** | **100%** |
| Á ekki við | 4 | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 30 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 39. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú þurftir að vinna á miklum hraða? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 40. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú þurftir að vinna á miklum hraða? – TR-úrtak**

[6] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „Ef þú hugsar um vinnuna þína á þeim tíma sem þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri …“.

M.t.t. sama fyrirvara og áður, sagði meirihluti þátttakenda að hann hefði mjög oft eða alltaf vitað nákvæmlega til hvers var ætlast af sér í vinnunni – sl. tíu ár eða frá þeim tíma sem viðkomandi fór að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að hann sótti um örorkulífeyri (tafla 30). Um þriðjungur (32%) sagði það eiga við fremur oft, 6% stundum, þrír af hundraði fremur sjaldan og 1% svarenda mjög sjaldan eða aldrei.

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en konur í samanburðarhópi til að segja að þær hefðu mjög oft eða alltaf vitað nákvæmlega til hvers var ætlast af þeim í vinnunni, eða 63% samanborið við 54% kvenna í síðarnefnda hópnum (mynd 41). Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 42).

**Tafla 30. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár[7], myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú vissir nákvæmlega til hvers var ætlast af þér í vinnunni**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Mjög sjaldan eða aldrei | 17 | 1% | 1% |
| Fremur sjaldan | 34 | 3% | 3% |
| Stundum | 86 | 6% | 6% |
| Fremur oft | 424 | 32% | 32% |
| Mjög oft eða alltaf | 775 | 58% | 58% |
| **Fjöldi svara** | **1336** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 34 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

[7] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „Ef þú hugsar um vinnuna þína á þeim tíma sem þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri …“.




**Mynd 41. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú vissir nákvæmlega til hvers var ætlast af þér í vinnunni? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 42. Ef þú metur vinnuna þína undanfarin 10 ár, myndir þú segja að eftirfarandi hafi oft eða sjaldan átt við um starfið? – Að þú vissir nákvæmlega til hvers var ætlast af þér í vinnunni? – TR-úrtak**

Næstu sjö spurningar voru aðlagaðar eftir hópum með svipuðum hætti og að ofan. Þannig voru þátttakendur í rannsóknarhópi spurðir að því hvort þeir hefðu einhvern tímann orðið fyrir mismunandi tegundum af ofbeldi þar sem þeir störfuðu áður en þeir fóru að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þeir sóttu um örorkulífeyri en þátttakendur í samanburðarhópi voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern tímann orðið fyrir mismunandi tegundum af ofbeldi á vinnustað sínum.

Þriðjungur þátttakenda svaraði því játandi að hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi (tafla 31) og ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum eftir hópum, hvorki m.t.t. kyns (mynd 43) eða á milli kvenna í rannsóknarhópi og samanburðarhópi (mynd 44).

**Tafla 31. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað[8] – Andlegu ofbeldi**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 433 | 33% | 33% |
| Nei | 885 | 67% | 67% |
| **Fjöldi svara** | **1318** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 52 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 43. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Andlegu ofbeldi? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 44. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Andlegu ofbeldi – TR-úrtak**

Mikill meirihluti, eða 92% svarenda, höfðu aldrei orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á vinnustað en 8% svöruðu því játandi (tafla 32).

Samanburður á konum í rannsóknarhópi og samanburðarhópi leiddi í ljós að hlutfallslega fleiri konur í síðarnefnda hópnum höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á vinnustað, eða ein af hverjum tíu en 7% kvenna í fyrrnefnda hópnum (mynd 45). Ekki var tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 46).

[8] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… þar sem þú starfaðir áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri?“

**Tafla 32. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað[9] – Líkamlegu ofbeldi**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 110 | 8% | 8% |
| Nei | 1237 | 92% | 92% |
| **Fjöldi svara** | **1347** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 23 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 45. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Líkamlegu ofbeldi – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 46. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Líkamlegu ofbeldi – TR-úrtak**

Aftur svaraði mikill meirihluti því til að hann hefði ekki orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreiti á vinnustað, eða 92% svarenda (tafla 33).

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á milli hópa (sjá myndir 47 og 48).

[9] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… þar sem þú starfaðir áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri?“

**Tafla 33. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað[10] – Kynferðislegri áreitni/ofbeldi**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 113 | 8% | 8% |
| Nei | 1234 | 92% | 92% |
| **Fjöldi svara** | **1347** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 23 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 47. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Kynferðislegri áreitni/ofbeldi – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 48. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Kynferðislegri áreitni/ofbeldi – TR-úrtak**

Um fjórðungur svarenda (24%) svaraði því játandi að hann hefði orðið fyrir einelti á vinnustað en 76% svöruðu því neitandi (tafla 34).

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum eftir því hvort konur tilheyrðu rannsóknar- eða samanburðarhópi (mynd 49). Hins vegar, þegar sjónum er alfarið beint að TR-úrtaki, þá voru konur líklegri en karlar til að hafa orðið fyrir einelti á vinnustað, eða 27% kvenna samanborið við 18% karla (mynd 50).

[10] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… þar sem þú starfaðir áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri?“

**Tafla 34. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað[11] – Einelti**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 315 | 24% | 24% |
| Nei | 1020 | 76% | 76% |
| **Fjöldi svara** | **1335** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 35 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 49. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Einelti – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 50. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Einelti – TR-úrtak**

Þrír af hverjum tíu svarendum sögðu að þeir hefðu upplifað samkeppni á vinnustað áður en þeir fóru fyrst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þeir sóttu um örorkulífeyri eða þá á sl. tíu árum (samanburðarhópur – sjá töflu 35).

Ekki var tölfræðilega marktækur munur á svörum þátttakenda eftir hópum, hvorki m.t.t. kvenna í rannsóknarhópi annars vegar og samanburðarhópi hins vegar (mynd 51), né þegar svör voru greind eftir kyni í TR-úrtaki (mynd 52).

[11] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… þar sem þú starfaðir áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri?“

**Tafla 35. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað[12] – Samkeppni á vinnustað**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 403 | 30% | 30% |
| Nei | 931 | 70% | 70% |
| **Fjöldi svara** | **1334** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 36 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 51. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Samkeppni á vinnustað – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 52. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Samkeppni á vinnustað – TR-úrtak**

Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir höfðu upplifað erfið samskipti við samstarfsfólk svöruðu 37% svarenda því játandi en 63% höfðu ekki upplifað slíkt (tafla 36). Tölfræðilega marktækur munur var á svörum kvenna í rannsóknarhópi samanborið við samanburðarhóp en hlutfallslega fleiri konur í síðarnefnda hópnum hafði einhvern tímann upplifað erfið samskipti við samstarfsfólk, eða 45% á móti 30% kvenna í rannsóknarhópi

[12] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… þar sem þú starfaðir áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri?“

(mynd 53). Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 54).

**Tafla 36. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað[13] – Erfiðum samskiptum við samstarfsfólk**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Já | 498 | 37% |
| Nei | 839 | 63% |
| **Fjöldi svara** | **1337** | **100%** |
| Á ekki við | 4 | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 33 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 53. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Erfiðum samskiptum við samstarfsfólk – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 54. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Erfiðum samskiptum við samstarfsfólk – TR-úrtak**

Rúmlega þriðjungur (34%) svarenda hafði fundið fyrir erfiðum samskiptum við stjórnanda á vinnustað á sl. tíu árum eða áður en þeir sóttu um örorkulífeyri (tafla 37).

---

[13] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… þar sem þú starfaðir áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri?"

Ekki reyndist um tölfræðilega marktækan mun að ræða á milli hópa þegar svör voru greind nánar. Sjá myndir 55 og 56.

**Tafla 37. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað[14] – Erfiðum samskiptum við stjórnanda**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 448 | 34% | 34% |
| Nei | 879 | 66% | 66% |
| **Fjöldi svara** | **1327** | **100%** | |
| Á ekki við | 4 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 43 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 55. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Erfiðum samskiptum við stjórnanda – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

[14] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… þar sem þú starfaðir áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri?“




**Mynd 56. Hefur þú einhvern tíma orðið [varst þú einhvern tíma] fyrir eftirfarandi á vinnustað – Erfiðum samskiptum við stjórnanda – TR-úrtak**

Flestir þátttakendur í könnuninni höfðu unnið stærstan hluta starfsævi sinnar í dagvinnu einungis, eða 45%. Rúmlega þriðjungur (35%) hafði yfirleitt unnið í dagvinnu en stundum vaktavinnu, um tíundi hver (11%) álíka stórum hluta í vakta- og dagvinnu, fimm af hundraði yfirleitt í vaktavinnu en stundum dagvinnu og 4% hafði alltaf verið í vaktavinnu (tafla 38).

**Tafla 38. Vannst þú stærstan hluta starfsævinnar í dagvinnu eða vaktavinnu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Alltaf verið í dagvinnu | 600 | 45% |
| Yfirleitt í dagvinnu en stundum í vaktavinnu | 477 | 35% |
| Álíka stórum hluta í vakta- og dagvinnu | 144 | 11% |
| Yfirleitt í vaktavinnu en stundum í dagvinnu | 72 | 5% |
| Alltaf verið í vaktavinnu | 51 | 4% |
| **Fjöldi svara** | **1344** | **100%** |
| Á ekki við | 4 | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 26 | |
| **Alls** | **1374** | |

Samanburður á svörum leiddi í ljós að konur í rannsóknarhópi voru ólíklegri en konur í samanburðarhópi til þess að hafa ávallt verið alfarið í dagvinnu, eða 40% samanborið við 50% kvenna í síðarnefnda hópnum (mynd 57). Tæplega fjórðungur (24%) kvenna í rannsóknarhópi hafði ýmist varið álíka stórum hluta starfsævinnar í vakta- og dagvinnu eða verið yfirleitt eða alfarið í vaktavinnu, samanborið við 14% kvenna í samanburðarhópi.

Ekki var um tölfræðilega marktækan mun að ræða þegar svör karla í TR-úrtaki voru borin saman við svör kvenna í rannsóknarhópi (mynd 58).




**Mynd 57. Vannst þú stærstan hluta starfsævinnar í dagvinnu eða vaktavinnu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 58. Vannst þú stærstan hluta starfsævinnar í dagvinnu eða vaktavinnu? – TR-úrtak**

# Fjölskylduhagir

Þátttakendur voru spurðir um fjölskylduhagi sína, s.s. hjúskaparstöðu, heimilisgerð, fjölda barna á heimili, möguleg langtíma veikindi barna og út í umönnun þeirra og annarra skyldmenna. Þá var spurt um breytingar á hjúskaparstöðu og mögulega reynslu af því að hafa verið einstætt foreldri.

Mikill meirihluti svarenda bjó á barnlausu heimili (þ.e. börn yngri en 18 ára), eða 83%. Rúmlega tíundi hver (11%) bjó hins vegar á heimili með einu barni undir 18 ára, 5% bjó með tveimur og einn af hundraði með þremur börnum (tafla 39).

Ekki var um marktækan mun að ræða þegar fjöldi barna og/eða stjúpbarna á heimili var greindur eftir hópum, hvorki m.t.t. kyns í TR-úrtaki (mynd 59) eða í samanburði á milli rannsóknar- og samanburðarhóps (mynd 60).

**Tafla 39. Hversu mörg börn og/eða stjúpbörn yngri en 18 ára búa á heimilinu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Ekkert barn | 1116 | 83% | 83% |
| Eitt barn | 153 | 11% | 11% |
| Tvö börn | 65 | 5% | 5% |
| Þrjú börn | 9 | 1% | 1% |
| Fjögur börn eða fleiri | 6 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **1349** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 25 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 59. Hversu mörg börn og/eða stjúpbörn en 18 ára búa á heimilinu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 60. Hversu mörg börn og/eða stjúpbörn yngri en 18 ára búa á heimilinu? – TR-úrtak**

Þegar þátttakendur voru spurðir að því með hve mörgum börnum og/eða stjúpbörnum sínum, eldri en 18 ára, þeir byggju með sögðu 62% að þeir byggju ekki með barni (tafla 40). Tæplega fjórðungur (23%) bjó með einu barni, 12% með tveimur börnum, þrír af hundraði með þremur börnum og 1% með fjórum börnum eða fleiri.

Tölfræðilega marktækur munur var á fjölda barna, eldri en 18 ára, á heimilum kvenna í rannsóknarhópi annars vegar og samanburðarhópi hins vegar (mynd 61) en ekki í samanburði á milli karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 62). Þannig voru konur í fyrrnefnda hópnum líklegri til að segja að þær byggju ekki með barni, eða 68% þeirra samanborið við 57% kvenna í síðarnefnda hópnum. Fimmta hver bjó með einu barni sínu eldra en 18 ára og 8% með tveimur en sambærilegar tölur fyrir konur í samanburðarhópi voru 25% og 15%.

**Tafla 40. Hversu mörg börn og/eða stjúpbörn eldri en 18 ára búa á heimilinu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Ekkert barn | 828 | 62% |
| Eitt barn | 306 | 23% |
| Tvö börn | 161 | 12% |
| Þrjú börn | 38 | 3% |
| Fjögur börn eða fleiri | 11 | 1% |
| **Fjöldi svara** | **1344** | **100%** |
| Veit ekki / vil ekki svara | 30 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 61. Hversu mörg börn og/eða stjúpbörn eldri en 18 ára búa á heimilinu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 62. Hversu mörg börn og/eða stjúpbörn eldri en 18 ára búa á heimilinu? –TR-úrtak**

Þátttakendur sem áttu a.m.k. eitt barn voru spurðir að því hvort eitthvert barna þeirra eða stjúpbarna hefði verið langveikt eða greint með einhvers konar fötlun, röskun eða skerðingu áður en það náði 18 ára aldri. Fjórðungur svarenda sagði svo vera og ætti við um eitt barn og tíundi hver að það ætti við um fleiri börn en eitt (tafla 41). Um 65% þátttakenda svöruðu neitandi.

Samanburður á svörum kvenna í rannsóknar- og samanburðarhópi sýndi að hlutfallslega fleiri konur í fyrrgreinda hópnum höfðu átt eitt (32%) eða fleiri börn (13%) sem höfðu verið langveik

eða greind með röskun eða skerðingu, samanborið við 23% og 9% kvenna í samanburðarhópi (mynd 63).

Þá voru konur í rannsóknarhópi líklegri en karlar í TR-úrtaki til að hafa átt eitt eða fleiri börn sem höfðu verið langveik eða greind með fötlun, röskun eða skerðingu, eða 45% samanborið við 28% karla (sjá mynd 64).

**Tafla 41. Var eitthvert barna þinna eða stjúpbarna langveikt eða greint með einhvers konar fötlun, röskun eða skerðingu áður en það náði 18 ára aldri?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Nei | 380 | 65% |
| Já, eitt barn | 146 | 25% |
| Já, fleiri en eitt barn | 58 | 10% |
| **Fjöldi svara** | **584** | **100%** |
| Á ekki við | 763 | |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 27 | |
| **Alls** | **1374** | |







**Mynd 63. Var eitthvert barna þinna eða stjúpbarna langveikt eða greint með einhvers konar fötlun, röskun eða skerðingu áður en það náði 18 ára aldri? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 64. Var eitthvert barna þinna eða stjúpbarna langveikt eða greint með einhvers konar fötlun, röskun eða skerðingu áður en það náði 18 ára aldri? – TR-úrtak**

Einnig voru þátttakendur spurðir að því hvort eitthvert barna þeirra eða stjúpbarna hefði átt eða ætti við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða. Rúmlega fjórir af hverjum fimm (82%) sögðu svo ekki vera en 18% svöruðu því játandi (tafla 42).

Tölfræðilega marktækur munur var á fjölda kvenna í rannsóknarhópi sem átti barn sem átti eða hafði átt við slíkan vanda að stríða samanborið við konur í samanburðarhópi. Þannig svöruðu 23% svarenda í fyrrgreinda hópnum því játandi en 16% kvenna í síðarnefnda hópnum (mynd 65). Ekki var tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar svör voru greind eftir kyni meðal þátttakenda í TR-úrtaki (mynd 66).

**Tafla 42. Á eitthvert barna þinna eða stjúpbarna, eða hefur átt, við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 489 | 82% | 82% |
| Já, eitt eða fleiri börn | 105 | 18% | 18% |
| **Fjöldi svara** | **594** | **100%** | |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 780 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 65. Á eitthvert barna þinna eða stjúpbarna, eða hefur átt, við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 66. Á eitthvert barna þinna eða stjúpbarna, eða hefur átt, við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða? – TR-úrtak**

Þeir þátttakendur sem svöruðu því játandi að eiga langveikt barn eða barn sem hafði verið greint með fötlun, röskun eða skerðingu voru því næst spurðir hvort það hefði orðið til þess að þeir eða hitt foreldri barnsins hefði þurft að draga úr vinnu utan heimilis. Rúmlega helmingur (53%) svaraði því neitandi (tafla 43). Um 28% sögðust hafa minnkað við sig vinnu og tíundi hver að hann hefði horfið af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma. Sex af hundraði hvarf alfarið af vinnumarkaði, 5% sagði að hitt foreldrið hafi minnkað við sig vinnu, þrír af hundraði að hitt foreldrið hafi horfið af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma og 1% að hitt foreldrið hefði alfarið horfið af vinnumarkaði. Svarendur gátu merkt við fleiri ein eitt atriði og því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Ekki var um tölfræðilega marktækan mun að ræða þegar svör voru greind nánar eftir hópum og kyni (sjá töflur 44 og 45).

**Tafla 43. Var sjúkdómur, fötlun, röskun eða skerðing barnsins/barnanna til þess að þú eða hitt foreldrið þurftir að draga úr vinnu utan heimilis? Merktu við allt sem við á**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Nei | 103 | 53% | 53% |
| Ég minnkaði við mig vinnu | 55 | 28% | 28% |
| Ég hvarf af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma | 20 | 10% | 10% |
| Ég hvarf alfarið af vinnumarkaði | 12 | 6% | 6% |
| Hitt foreldrið minnkaði við sig vinnu | 9 | 5% | 5% |
| Hitt foreldrið hvarf af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma | 5 | 3% | 3% |
| Hitt foreldrið hvarf alfarið af vinnumarkaði | 2 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **206** | **106%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 5 | | |
| **Alls** | **211** | | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

**Tafla 44. Var sjúkdómur, fötlun, röskun eða skerðing barnsins/barnanna til þess að þú eða hitt foreldrið þurftir að draga úr vinnu utan heimilis? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 42% | 59% | 65 | 59% |
| Samanburðarhópur | 52% | 48% | 111 | 48% |
| **Ég minnkaði við mig vinnu** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 77% | 23% | 65 | 23% |
| Samanburðarhópur | 65% | 35% | 111 | 35% |
| **Ég hvarf af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 94% | 6% | 65 | 6% |
| Samanburðarhópur | 87% | 14% | 111 | 14% |
| **Ég hvarf alfarið af vinnumarkaði** *óg* | | | | |
| Rannsóknarhópur | 88% | 12% | 65 | 12% |
| Samanburðarhópur | 97% | 3% | 111 | 3% |
| **Hitt foreldrið minnkaði við sig vinnu** *óg* | | | | |
| Rannsóknarhópur | 99% | 2% | 65 | 2% |
| Samanburðarhópur | 95% | 5% | 111 | 5% |
| **Hitt foreldrið hvarf af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma** *óg* | | | | |
| Rannsóknarhópur | - | - | - | |
| Samanburðarhópur | - | - | - | |
| **Hitt foreldrið hvarf alfarið af vinnumarkaði** *óg* | | | | |
| Rannsóknarhópur | - | - | - | |
| Samanburðarhópur | - | - | - | |

Marktækur munur er á hópum; *$p$ < 0,05, **$p$ < 0,01, ***$p$ < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 45. Var sjúkdómur, fötlun, röskun eða skerðing barnsins/barnanna til þess að þú eða hitt foreldrið þurftir að draga úr vinnu utan heimilis? – TR-úrtak**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei** | | | | |
| Karl | 37% | 63% | 19 | 63% |
| Kona | 42% | 59% | 65 | 59% |
| **Ég minnkaði við mig vinnu** *óg* | | | | |
| Karl | 95% | 5% | 19 | 5% |
| Kona | 77% | 23% | 65 | 23% |
| **Eg hvarf af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma** *óg* | | | | |
| Karl | 95% | 5% | 19 | 5% |
| Kona | 94% | 6% | 65 | 6% |
| **Eg hvarf alfarið af vinnumarkaði** *óg* | | | | |
| Karl | 95% | 5% | 19 | 5% |
| Kona | 88% | 12% | 65 | 12% |
| **Hitt foreldrið minnkaði við sig vinnu** *óg* | | | | |
| Karl | 90% | 11% | 19 | 11% |
| Kona | 99% | 2% | 65 | 2% |
| **Hitt foreldrið hvarf af vinnumarkaði í takmarkaðan tíma** *óg* | | | | |
| Karl | - | - | - | |
| Kona | - | - | - | |
| **Hitt foreldrið hvarf alfarið af vinnumarkaði** *óg* | | | | |
| Karl | - | - | - | |
| Kona | - | - | - | |

Marktækur munur er á hópum; *$p < 0,05$, **$p < 0,01$, ***$p < 0,001$

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Þátttakendur sem áttu börn voru spurðir að því hver sinnti umönnun barna þeirra á heimilinu áður en þau náðu 18 ára aldri. Fimmtungur svarenda sagði að það væri alltaf hann, 39% oftast og 37% að það hefði verið jöfn skipting á milli þeirra og einhvers annars, t.d. maka. Fjórir af hundraði sögðu að það hefði oftast verið einhver annar, eins og til að mynda maki (tafla 46).

**Tafla 46. Hver sinnti umönnun barns þíns/ barna þinna á heimilinu áður en þau náðu 18 ára aldri?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Alltaf ég | 120 | 20% | 20% |
| Oftast ég | 227 | 39% | 39% |
| Jafn skipt milli mín og einhvers annars (t.d. maka) | 216 | 37% | 37% |
| Oftast einhver annar (t.d. maki) | 23 | 4% | 4% |
| Alltaf einhver annar (t.d. maki) | 1 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **587** | **100%** | |
| Á ekki við | **773** | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 14 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var á dreifingu svara eftir því hvort konur voru hluti af rannsóknar- eða samanburðarhópi. Þannig sagði rúmur þriðjungur (34%) fyrrgreinda hópsins að það væri viðkomandi sem hefði alltaf sinnt umönnun barns / barna sinna á heimilinu, samanborið við tæplega fimmtung (19%) síðarnefnda hópsins (mynd 67).

Þar sem dreifing svara meðal svarenda í TR-úrtaki, eftir því hvort um ræddi karl eða konu, var það frábrugðin svörun almennt, sem og í samanburði á milli kvenna í rannsóknar- og

samanburðarhópi, var annarri flokkun svara beitt við samanburð á milli kynja í TR-úrtaki. Þannig sögðu tæplega fjórar af hverjum fimm konum (78%) að það væru þær sem alltaf eða oftast sáu um umönnun barna en 7% karla. Þá sögðu tveir af hverjum þremur körlum að um hefði verið að ræða jafna skiptingu en rúmlega fimmtungur (21%) kvenna í rannsóknarhópi svaraði á þá leið (mynd 68).




**Mynd 67. Hver sinnti umönnun barns þíns/ barna þinna á heimilinu áður en þau náðu 18 ára aldri? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 68. Hver sinnti umönnun barns þíns/ barna þinna á heimilinu áður en þau náðu 18 ára aldri? – TR-úrtak**

Tæplega helmingur, eða 43% svarenda, sagði að umönnun eða stuðningi við börn eftir 18 ára aldur hefði verið jafn skipt á milli sín og einhvers annars, t.d. maka. Rúmlega þriðji hver þátttakandi (36%) svaraði á þá leið að það hefði oftast verið hann sjálfur og 17% að auki að það hefði alltaf verið hann. Þrír af hundraði svöruðu á þá leið að það hafði oftast eða alltaf verið einhver annar (tafla 47).

**Tafla 47. Hver sinnti umönnun eða stuðningi barns þíns/barna þinna eftir 18 ára aldur?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Alltaf ég | 85 | 17% | 17% |
| Oftast ég | 181 | 36% | 36% |
| Jafn skipt milli mín og einhvers annars (t.d. maka) | 215 | 43% | 43% |
| Oftast einhver annar (t.d. maki) | 12 | 2% | 2% |
| Alltaf einhver annar (t.d. maki) | 3 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **496** | **100%** | |
| Á ekki við | **848** | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 30 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en konur í samanburðarhópi til þess að vera þær sem alltaf sáu um stuðning eða umönnun barns sem orðið var 18 ára, eða 28% samanborið við 16% í síðarnefnda hópnum (mynd 69).

Þá svöruðu 69% kvenna í rannsóknarhópi að það væru oftast eða alltaf þær sem sáu um stuðning eða umönnun barns 18 ára eða eldra, samanborið við 7% karla í TR-úrtaki. Þá sögðu 72% karla að um jafna skiptingu væri um að ræða en 31% kvenna (mynd 70). Líkt og að ofan þá þurfti að breyta flokkun svara í samræmi við dreifingu þeirra.




**Mynd 69. Hver sinnti umönnun eða stuðningi barns þíns/barna þinna eftir 18 ára aldur? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 70. Hver sinnti umönnun eða stuðningi barns þíns/barna þinna eftir 18 ára aldur? – TR-úrtak**

Þátttakendur í TR-úrtaki fengu spurninguna: „Áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri, hversu oft eða sjaldan veittir þú öldruðu, fötluðu eða langveiku skyldmenni umönnun?“. Þátttakendur í samanburðarhópi voru aftur á móti beðnir um að hafa í huga síðastliðin 10 ár. Um 37% svarenda sögðu að þeir hefðu oft veitt skyldmenni umönnun, fjórðungur stundum, fimmtungur sjaldan en 18 af hundraði aldrei (tafla 48).

**Tafla 48. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár[15], hversu oft eða sjaldan veittir þú öldruðu, fötluðu eða langveiku skyldmenni umönnun?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Oft | 498 | 37% | 37% |
| Stundum | 328 | 25% | 25% |
| Sjaldan | 271 | 20% | 20% |
| Aldrei | 237 | 18% | 18% |
| **Fjöldi svara** | **1334** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 40 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var til staðar, bæði þegar svör kvenna í rannsóknarhópi voru borin saman við svör kvenna í samanburðarhópi og í samanburði á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki. Þannig voru konur í samanburðarhópi líklegri til þess að hafa oft eða stundum veitt öldruðu, fötluðu eða langveiku skyldmenni umönnun, eða 68% samanborið við 59% kvenna í rannsóknarhópi (mynd 71).

Hins vegar voru konur í rannsóknarhópi líklegri en karlar í TR-úrtaki til þess að hafa oft veitt skyldmenni slíka umönnun, eða 37% samanborið við 21% karla (mynd 72).

[15] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri“




**Mynd 71. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár, hversu oft eða sjaldan veittir þú öldruðu, fötluðu eða langveiku skyldmenni umönnun? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 72. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár, hversu oft eða sjaldan veittir þú öldruðu, fötluðu eða langveiku skyldmenni umönnun? – TR-úrtak**

Meirihluti svarenda var í hjónabandi þegar könnunin var gerð, eða 61%. Tæplega fimmtungur var einhleypur (19%), átta af hundraði í sambúð, sama hlutfall fráskilin að borði og sæng, og 3% voru ekkja eða ekkill (tafla 49).

Tölfræðilega marktækur munur var til staðar á hjúskaparstöðu eftir því hvort þátttakendur tilheyrðu rannsóknar- eða samanburðarhópi. Þannig var tæplega fjórðungur (24%) kvenna í rannsóknarhópi einhleypur og 56% í hjónabandi, samanborið við 14% og 66% kvenna í samanburðarhópi (mynd 73).

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur til staðar á hjúskaparstöðu karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 74).

**Tafla 49. Hver er hjúskaparstaða þín í dag?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Einhleyp(ur) | 257 | 19% | 19% |
| Í hjónabandi | 827 | 61% | 61% |
| Í sambúð | 115 | 8% | 8% |
| Fráskilin(n)/skilin(n) að borði og sæng | 115 | 8% | 8% |
| Ekkja/ekkill | 44 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **1358** | **100%** | |
| 16 | 16 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 73. Hver er hjúskaparstaða þín í dag? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 74. Hver er hjúskaparstaða þín í dag? – TR-úrtak**

Þátttakendur í rannsóknarhópi voru spurðir að því hvort hjúskaparstaða þeirra hefði breyst á þeim tíu árum áður en þeir fóru að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þeir sóttu um örorkulífeyri en þátttakendur í samanburðarhópi voru beðnir að svara því hvort hjúskaparstaða þeirra hefði breyst á undanförnum tíu árum. Rúmlega þrír af hverjum fjórum svarendum (76%) sögðu að hjúskaparstaða þeirra hefði ekki breyst á þessum tíma, tíundi hver skildi og fimm af hundraði sleit sambúð. Fjórir af hundraði gengu í hjónaband, 3% hófu sambúð og tveir af hundraði misstu maka sinn (tafla 50).

Tölfræðilega marktækur munur reyndist til staðar þegar konur í rannsóknarhópi voru bornar saman við konur í samanburðarhópi. Þannig voru konur í fyrrnefnda hópnum bæði líklegri til þess að hafa skilið og slitið sambúð, eða 13% sem höfðu skilið og 7% sem höfðu slitið sambúð, samanborið við 7% og 4% kvenna í samanburðarhópi (tafla 51).

Ekki var um tölfræðilega marktækan mun að ræða þegar konur og karlar í TR-úrtaki voru borin saman m.t.t. breytinga á hjúskaparstöðu á þeim tíu árum áður en þau fóru að finna fyrir heilsufarsvandanum, sem síðar verð til þess að þau sóttu um örorkulífeyri (tafla 52).

**Tafla 50. Breyttist hjúskaparstaða þín á síðustu 10 árum áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri[16]? Merktu við allt sem við á**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Nei | 1050 | 76% | 76% |
| Já, skildi | 132 | 10% | 10% |
| Já, sleit sambúð | 73 | 5% | 5% |
| Já, varð ekkja/ekkill | 32 | 2% | 2% |
| Já, gekk í hjónaband | 56 | 4% | 4% |
| Já, hóf sambúð | 42 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **1385** | **102%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 19 | | |
| **Alls** | **1404** | | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

**Tafla 51. Breyttist hjúskaparstaða þín á síðustu 10 árum áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei*** ** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 27% | 73% | 415 | 73% |
| Samanburðarhópur | 17% | 83% | 723 | 83% |
| **Já, skildi*** ** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 87% | 13% | 415 | 13% |
| Samanburðarhópur | 93% | 7% | 723 | 7% |
| **Já, sleit sambúð** ** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 93% | 7% | 415 | 7% |
| Samanburðarhópur | 97% | 4% | 723 | 4% |
| **Já, varð ekkja/ekkill** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 97% | 3% | 415 | 3% |
| Samanburðarhópur | 98% | 2% | 723 | 2% |
| **Já, gekk í hjónaband** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 96% | 4% | 415 | 4% |
| Samanburðarhópur | 96% | 4% | 723 | 4% |
| **Já, hóf sambúð** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 96% | 4% | 415 | 4% |
| Samanburðarhópur | 97% | 3% | 723 | 3% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

[16] Þátttakendur í samanburðarhópi fengu eftirfarandi spurningu: „Hefur hjúskaparstaða þín breyst á undanförnum 10 árum“.

**Tafla 52. Breyttist hjúskaparstaða þín á síðustu 10 árum áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri? – TR-úrtak**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei** | | | | |
| Karl | 27% | 73% | 203 | 73% |
| Kona | 27% | 73% | 415 | 73% |
| **Já, skildi** | | | | |
| Karl | 87% | 13% | 203 | 13% |
| Kona | 87% | 13% | 415 | 13% |
| **Já, sleit sambúð** | | | | |
| Karl | 91% | 9% | 203 | 9% |
| Kona | 93% | 7% | 415 | 7% |
| **Já, varð ekkja/ekkill** | | | | |
| Karl | 99% | 2% | 203 | 2% |
| Kona | 97% | 3% | 415 | 3% |
| **Já, gekk í hjónaband** | | | | |
| Karl | 96% | 4% | 203 | 4% |
| Kona | 96% | 4% | 415 | 4% |
| **Já, hóf sambúð** | | | | |
| Karl | 98% | 3% | 203 | 3% |
| Kona | 96% | 4% | 415 | 4% |

Marktækur munur er á hópum; *$p$ < 0,05, **$p$ < 0,01, ***$p$ < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Meirihluti þátttakenda hafði aldrei verið einstætt foreldri, eða 56%. Rúmlega fimmtungur (21%) hafði verið einstætt foreldri í eitt til fimm ár, átta af hundraði í sex til tíu ár og 15% lengur en tíu ár (tafla 53).

Konur í rannsóknarhópi voru bæði líklegri en konur í samanburðarhópi og karlar í TR-úrtaki til þess að hafa verið einstætt foreldri. Þannig sögðust 58% kvenna í rannsóknarhópi hafa verið einstætt foreldri samanborið við 43% kvenna í samanburðarhópi og 23% þeirra höfðu verið einstætt foreldri lengur en í tíu ár, samanborið við 13% kvenna í samanburðarhópi (mynd 75).

Karlar í TR-úrtaki voru ólíklegri en konur í sama hópi til þess að hafa verið einstætt foreldri, sama hvort um var að ræða til skemmri eða lengri tíma. Þannig hafði rúmlega fimmtungur (22%) reynslu af því að hafa verið einstætt foreldri, 16% þeirra í eitt til fimm ár og 6% lengur en það. Sambærilegt hlutfall kvenna í rannsóknarhópi var 23% í eitt til fimm ár og 34% í sex ár eða lengur (mynd 76).

**Tafla 53. Hefur þú einhvern tíma verið einstætt foreldri?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 330 | 56% | 56% |
| Var einstætt foreldri í eitt til fimm ár | 127 | 21% | 21% |
| Var einstætt foreldri í sex til tíu ár | 50 | 8% | 8% |
| Var einstætt foreldri í meira en 10 ár | 86 | 15% | 15% |
| **Fjöldi svara** | **593** | **100%** | |
| Á ekki við | 763 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 18 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 75. Hefur þú einhvern tíma verið einstætt foreldri? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 76. Hefur þú einhvern tíma verið einstætt foreldri? – TR-úrtak**

# Húsnæðis- og fjárhagsaðstæður

Þátttakendur voru spurðir um húsnæðis- og fjárhagsaðstæður sínar, þ.e. hvort þeir hefðu misst húsnæði sitt, út í gæði húsnæðisins og hversu vel eða illa þeim hefði gengið að láta enda ná saman fjárhagslega.

Þátttakendur í rannsóknarhópi voru þannig spurðir hvort að það hefði hent þá að hafa verið sagt upp leiguhúsnæði eða misst íbúðarhúsnæði sitt síðustu tíu ár áður en þeir fóru að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þeir sóttu um örorkulífeyri en þátttakendur í samanburðarhópi voru beðnir um að hafa sl. tíu ár í huga.

Alls sögðu 89% svarenda að þeir hefðu hvorki misst íbúðarhúsnæði sitt né verið sagt upp leiguhúsnæði. Sex af hundraði hafði verið sagt upp leiguhúsnæði, 4% höfðu misst eigið íbúðarhúsnæði og einn hundraðasti hafði bæði verið sagt upp leiguhúsnæði og misst eigið íbúðarhúsnæði á því tímabili sem um ræddi (tafla 54).

**Tafla 54. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár[17], henti það þig að vera sagt upp leiguhúsnæði eða að missa íbúðarhúsnæði þitt?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 1186 | 89% | 89% |
| Já, var sagt upp leiguhúsnæði | 82 | 6% | 6% |
| Já, missti eigið íbúðarhúsnæði | 60 | 4% | 4% |
| Já, missti eigið íbúðarhúsnæði og var sagt upp leiguhúsnæði | 11 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **1339** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 35 | | |
| **Alls** | **1374** | | |

Tölfræðilega marktækur munur var til staðar þegar konur í rannsóknarhópi voru bornar saman við konur í samanburðarhópi. Þannig höfðu 15 konur af hundraði verið sagt upp leiguhúsnæði (8%), misst eigið íbúðarhúsnæði (6%) eða hvoru tveggja (1%), samanborið við 6% kvenna í samanburðarhópi sem höfðu annað hvort verið sagt upp leiguhúsnæði (4%) eða misst eigið íbúðarhúsnæði (2%). Sjá mynd 77.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 78).

[17] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri“.




**Mynd 77. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár, henti það þig að vera sagt upp leiguhúsnæði eða að missa íbúðarhúsnæði þitt? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 78. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár, henti það þig að vera sagt upp leiguhúsnæði eða að missa íbúðarhúsnæði þitt? – TR-úrtak**

Meirihluti þátttakenda, eða tæplega fjórir af hverjum fimm (79%), höfðu ekki búið eða starfað í húsnæði sem talist gat verið óheilnæmt vegna raka, fúa, myglu, bágrar hljóðvistar eða lélegra loftgæða á sl. tíu árum (tafla 55). Sjö af hundraði hafði búið í slíku húsnæði, 13% starfað í slíku húsnæði og einn af hverjum hundrað bæði búið og starfað í slíku húsnæði.

**Tafla 55. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár[18], bjóst þú eða starfaðir í húsnæði sem talist gæti óheilnæmt vegna raka, fúa, myglu, bágrar hljóðvistar eða lélegra loftgæða?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Nei | 1038 | 79% |
| Já, bjó í slíku húsnæði | 88 | 7% |
| Já, starfaði í slíku húsnæði | 166 | 13% |
| Já, bjó og starfaði í slíku húsnæði | 16 | 1% |
| **Fjöldi svara** | **1308** | **100%** |
| Veit ekki / vil ekki svara | 66 | |
| **Alls** | **1374** | |

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa búið í húsnæði sem gæti talist óheilnæmt (9% samanborið við 5%) en konur í samanburðarhópi voru líklegri til þess að hafa starfað í slíku húsnæði, eða 16% samanborið við 9% (mynd 79).

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 80).




**Mynd 79. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár, bjóst þú eða starfaðir í húsnæði sem talist gæti óheilnæmt vegna raka, fúa, myglu, bágrar hljóðvistar eða lélegra loftgæða? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

[18] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri“.




**Mynd 80. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár, bjóst þú eða starfaðir í húsnæði sem talist gæti óheilnæmt vegna raka, fúa, myglu, bágrar hljóðvistar eða lélegra loftgæða? – TR-úrtak**

Þátttakendur í rannsóknarhópi voru spurðir, þegar á heildina væri litið, hversu auðvelt eða erfitt það hefði verið fyrir þá og fjölskyldu þeirra að ná endum saman með þeim tekjum sem voru til ráðstöfunar, áður en þeir fóru fyrst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þeir sóttu um örorkulífeyri. Þátttakendur í samanburðarhópi voru hins vegar beðnir um að hafa í huga sl. 10 ár.

Um þriðjungur svarenda (32%) sagði það hafa hvorki verið auðvelt né erfitt. Fjórtán af hundraði sagði það hafa verið mjög auðvelt, 28% frekar auðvelt, tæplega fimmtungur (19%) frekar erfitt og 8% mjög erfitt. Sjá töflu 56.

**Tafla 56. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár[19] var, þegar á heildina er litið, auðvelt eða erfitt fyrir þig og fjölskyldu þína að ná endum saman með þeim tekjum sem voru til ráðstöfunar?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Mjög auðvelt | 186 | 14% |
| Frekar auðvelt | 370 | 28% |
| Hvorki auðvelt né erfitt | 427 | 32% |
| Frekar erfitt | 251 | 19% |
| Mjög erfitt | 109 | 8% |
| **Fjöldi svara** | **1343** | **100%** |
| Veit ekki / vil ekki svara | 31 | |
| **Alls** | **1374** | |

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en konur í samanburðarhópi til þess að segja að það hafi reynst frekar eða mjög erfitt, eða 22% og 12%, samanborið við 15% og 6% kvenna í samanburðarhópi (mynd 81).

[19] Einstaklingar í TR-úrtaki fengu eftirfarandi viðbót við spurninguna: „… áður en þú fórst að finna fyrir heilsufarsvandanum sem síðar varð til þess að þú sóttir um örorkulífeyri".

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 82).




**Mynd 81. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár var, þegar á heildina er litið, auðvelt eða erfitt fyrir þig og fjölskyldu þína að ná endum saman með þeim tekjum sem voru til ráðstöfunar? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 82. Ef þú hugsar um síðustu 10 ár var, þegar á heildina er litið, auðvelt eða erfitt fyrir þig og fjölskyldu þína að ná endum saman með þeim tekjum sem voru til ráðstöfunar? – TR-úrtak**

# Lífsreynsla og áfallasaga

Að lokum voru þátttakendur spurðir út í þætti sem tengjast erfiðri lífsreynslu og hvort þeir ættu áfallasögu sér að baki. Þannig var m.a. spurt um hvort þeir hefðu orðið fyrir ofbeldi, tíðni og gerendur í því samhengi; mögulegan missi maka og/eða barna; og sögu um áfengis- eða fíkniefnaneyslu innan fjölskyldunnar.

Þá voru kvenkyns þátttakendur spurðir að því hvort þeir hefðu einhvern tíma átt erfitt með að sinna vinnu vegna einkenna breytingarskeiðsins, t.d. skapsveiflna, svitakófs, svefnleysis, kvíða, þreytu eða annarra einkenna. Þrettán af hundraði svarenda sögðu að þeir hefðu oft upplifað eitthvað af ofan töldu, fjórðungur stundum, 23% sjaldan og tveir af hverjum fimm aldrei (tafla 57).

Tölfræðilega marktækur munur var til staðar þegar dreifing svara var greind eftir því hvorum hópnum konurnar tilheyrðu, þ.e. rannsóknar- eða samanburðarhópi. Þannig voru þátttakendur í fyrrnefnda hópnum líklegri til þess að hafa upplifað slík einkenni oft eða stundum, eða 41% samanborið við 36% í síðarnefnda hópnum (mynd 83).

**Tafla 57. Áttir þú einhvern tíma erfitt með að sinna vinnu vegna einkenna breytingarskeiðsins t.d. skapsveiflna, svitakófs, svefnleysis, kvíða, þreytu eða annarra einkenna?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Oft | 123 | 13% | 13% |
| Stundum | 231 | 25% | 25% |
| Sjaldan | 215 | 23% | 23% |
| Aldrei | 372 | 40% | 40% |
| **Fjöldi svara** | **941** | **100%** | |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 433 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 83. Áttir þú einhvern tíma erfitt með að sinna vinnu vegna einkenna breytingarskeiðsins t.d. skapsveiflna, svitakófs, svefnleysis, kvíða, þreytu eða annarra einkenna? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu misst maka, kærustu eða kærasta vegna andláts svaraði mikill meirihluti þátttakenda því neitandi, eða 92% (sjá töflu 58).

Munur á milli hópa, þegar samanburður var gerður á milli kvenna í rannsóknar- og samanburðarhópi, var á mörkum þess að teljast tölfræðilega marktækur (*p=0,051*) en tíunda hver kona í fyrrnefnda hópnum hafði slíka reynslu að baki en 6 af hundraði kvenna í samanburðarhópi (mynd 84).

Ekki var um tölfræðilega marktækan mun að ræða þegar svör karla og kvenna í TR-úrtaki voru borin saman (mynd 85).

**Tafla 58. Hefur þú misst maka, kærast(a) eða kærustu vegna andláts?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 1246 | 92% | 92% |
| Já | 102 | 8% | 8% |
| **Fjöldi svara** | **1348** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 26 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 84. Hefur þú misst maka, kærast(a) eða kærustu vegna andláts? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 85. Hefur þú misst maka, kærast(a) eða kærustu vegna andláts? – TR-úrtak**

Þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Tæplega fjórðungur (24%) hafði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sem barn og 22% sem fullorðinn einstaklingur (tafla 59). Svarendur gátu merkt við fleiri en einn valmöguleika og því er hlutfall svarenda yfir 100%.

**Tafla 59. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir líkamlegu ofbeldi?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* |
|---|---|---|
| Nei | 817 | 62% |
| Já, sem barn | 319 | 24% |
| Já, sem fullorðin/n | 286 | 22% |
| **Fjöldi svara** | **1422** | **108%** |
| Veit ekki / vil ekki svara | 40 | |
| **Alls** | **1462** | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Tölfræðilega marktækur munur var á hlutfallslegum fjölda þeirra sem hafði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, bæði sem barn og fullorðin, í samanburði á konum í rannsóknarhópi og samanburðarhópi. Þannig sögðu 27% svarenda í rannsóknarhópi að þeir hefðu orðið fyrir ofbeldi sem barn og 28% sem fullorðinn einstaklingur, samanborið við 21% og 18% kvenna í samanburðarhópi (tafla 60). Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur til staðar á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki, sjá töflu 61.

**Tafla 60. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir líkamlegu ofbeldi? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| **Nei*** ** | | | |
| Rannsóknarhópur | 45% | 55% | 401 |
| Samanburðarhópur | 33% | 67% | 716 |
| **Já, sem barn*** | | | |
| Rannsóknarhópur | 73% | 27% | 401 |
| Samanburðarhópur | 79% | 21% | 716 |
| **Já, sem fullorðin*** ** | | | |
| Rannsóknarhópur | 72% | 28% | 401 |
| Samanburðarhópur | 82% | 18% | 716 |

Marktækur munur er á hópum; *$p < 0,05$, **$p < 0,01$, ***$p < 0,001$

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 61. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir líkamlegu ofbeldi? – TR-úrtak**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| **Nei** | | | |
| Karl | 43% | 57% | 204 |
| Kona | 45% | 55% | 401 |
| **Já, sem barn** | | | |
| Karl | 69% | 31% | 204 |
| Kona | 73% | 27% | 401 |
| **Já, sem fullorðin/n** | | | |
| Karl | 78% | 22% | 204 |
| Kona | 72% | 28% | 401 |

Marktækur munur er á hópum; *$p < 0,05$, **$p < 0,01$, ***$p < 0,001$

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Um 43% þátttakenda höfðu, hvort um sig, orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi sem barn og fullorðinn. Rúmlega þriðjungur (36%) svaraði því neitandi. Svarendur gátu merkt við fleiri en einn valkost og því er hlutfall svarenda yfir 100% í töflu 62.

**Tafla 62. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Nei | 468 | 36% | 36% |
| Já, sem barn | 564 | 43% | 43% |
| Já, sem fullorðin/n | 567 | 43% | 43% |
| **Fjöldi svara** | **1599** | **122%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 52 | | |
| **Alls** | **1651** | | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi en konur í samanburðarhópi. Þannig svaraði tæplega helmingur (47%) kvenna í rannsóknarhópi því að hafa orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi sem barn og rúmlega önnur hver kona (51%) sem fullorðinn einstaklingur, samanborið við 39% og 42% kvenna í samanburðarhópi (tafla 63).

Konur í rannsóknarhópi voru jafnframt líklegri en karlar í TR-úrtaki til þess að hafa orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi á fullorðinsárum, en tæplega þriðjungur (32%) karla höfðu orðið fyrir ofbeldi á fullorðinsaldri. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á fjölda karla og kvenna í TR-úrtaki sem höfðu orðið fyrir ofbeldi sem barn (tafla 64).

**Tafla 63. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei*** ** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 72% | 29% | 404 | 29% |
| Samanburðarhópur | 62% | 38% | 707 | 38% |
| **Já, sem barn*** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 53% | 47% | 404 | 47% |
| Samanburðarhópur | 61% | 39% | 707 | 39% |
| **Já, sem fullorðin**** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 49% | 51% | 404 | 51% |
| Samanburðarhópur | 58% | 42% | 707 | 42% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 64. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir einelti eða andlegu ofbeldi? – TR-úrtak**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei**** | | | | |
| Karl | 59% | 41% | 198 | 41% |
| Kona | 72% | 29% | 404 | 29% |
| **Já, sem barn** | | | | |
| Karl | 50% | 50% | 198 | 50% |
| Kona | 53% | 47% | 404 | 47% |
| **Já, sem fullorðin/n***** | | | | |
| Karl | 68% | 32% | 198 | 32% |
| Kona | 49% | 51% | 404 | 51% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Þátttakendur voru því næst spurðir að því hvort þeir hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (tafla 65). Fjórðungur svarenda sagði að hann hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn

og rúmlega fimmtungur (21%) á fullorðinsárum. Eins og áður gátu svarendur merkt við fleiri en einn valkost og því er hlutfall svarenda yfir 100%.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur til staðar í samanburði á konum í rannsóknar- og samanburðarhópi (tafla 66) en konur í rannsóknarhópi voru líklegri en karlar í TR-úrtaki til að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, bæði sem börn (28% samanborið við 17% karla) og sem fullorðin (27% borið saman við 3% karla). Sjá töflu 67.

### Tafla 65. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Nei | 795 | 61% | 61% |
| Já, sem barn | 327 | 25% | 25% |
| Já, sem fullorðin/n | 269 | 21% | 21% |
| **Fjöldi svara** | **1391** | **107%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 61 | | |
| **Alls** | **1452** | | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

### Tafla 66. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi? – Samanburðar- og rannsóknarhópur

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 46% | 54% | 398 | 54% |
| Samanburðarhópur | 41% | 59% | 706 | 59% |
| **Já, sem barn** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 72% | 28% | 398 | 28% |
| Samanburðarhópur | 74% | 26% | 706 | 26% |
| **Já, sem fullorðin** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 73% | 27% | 398 | 27% |
| Samanburðarhópur | 78% | 22% | 706 | 22% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

### Tafla 67. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi? – TR-úrtak

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Nei*** ** | | | | |
| Karl | 18% | 83% | 194 | 83% |
| Kona | 46% | 54% | 398 | 54% |
| **Já, sem barn**** | | | | |
| Karl | 84% | 17% | 194 | 17% |
| Kona | 72% | 28% | 398 | 28% |
| **Já, sem fullorðin/n***** | | | | |
| Karl | 97% | 3% | 194 | 3% |
| Kona | 73% | 27% | 398 | 27% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Þeir þátttakendur sem sögðu að þeir hefðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sem barn voru spurðir út í tíðni ofbeldisins. Yfir helmingur svarenda (56%) hafði orðið fyrir því í nokkur skipti, 16% varð fyrir því einu sinni og 28% varð reglulega fyrir því á tímabili, þ.e. að minnsta kosti nokkrum sinnum á ári – sjá töflu 68.

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa lent í því reglulega á tímabili en konur í samanburðarhópi (34% samanborið við 20%) en konur í síðarnefnda hópnum voru líklegri til að hafa lent í því í nokkur skipti (63% samanborið við 51% kvenna) – sjá mynd 86.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna í TR-úrtaki (mynd 87).

**Tafla 68. Sem barn, varst þú fyrir líkamlegu ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Varð fyrir því einu sinni | 49 | 16% |
| Varð fyrir því í nokkur skipti | 171 | 56% |
| Varð reglulega fyrir því á tímabili (a.m.k. nokkrum sinnum á ári) | 86 | 28% |
| **Fjöldi svara** | **306** | **100%** |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 1068 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 86. Sem barn, varst þú fyrir líkamlegu ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 87. Sem barn, varst þú fyrir líkamlegu ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – TR-úrtak**

Helmingur þátttakenda sem hafði orðið fyrir ofbeldi á fullorðinsaldri hafði orðið fyrir því í nokkur skipti og um þriðjungur (32%) einu sinni. Tæplega fimmtungur svarenda hafði orðið fyrir því reglulega, eða a.m.k. nokkrum sinnum á ári (sjá töflu 69).

Ekki reyndist um tölfræðilega marktækan mun að ræða á milli hópa varðandi tíðni ofbeldis á fullorðinsaldri. Sjá myndir 88 og 89.

**Tafla 69. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Hef orðið fyrir því einu sinni | 85 | 32% | 32% |
| Hef orðið fyrir því í nokkur skipti | 134 | 50% | 50% |
| Varð á tímabili fyrir því reglulega (a.m.k. nokkrum sinnum á ári) | 50 | 19% | 19% |
| **Fjöldi svara** | **269** | **100%** | |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 1105 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 88. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 89. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – TR-úrtak**

Þegar kemur að því að hafa verið þolandi líkamlegs ofbeldis, nefndu flestir fyrrverandi maka þegar spurt var hver eða hverjir hefðu verið gerendur þess þegar svarandi var á fullorðinsaldri, eða 45% svarenda. Um 23% þátttakenda sögðu það hafa verið einhver ókunnugur, yfir fimmtungur (22%) nefndi þjónustunotanda, nemanda eða annan sem viðkomandi veitti þjónustu í vinnunni, 15% einhvern annan sem viðkomandi þekkti og um tíundi hver annan fjölskyldumeðlim en núverandi eða fyrrverandi maka. Sjá nánari útlistun svara í töflu 70.

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en konur í samanburðarhópi til að segja að fyrrverandi maki hefði beitt þær ofbeldi, eða 57% borið saman við 44%. Þá voru þær jafnframt líklegri til að nefna annan fjölskyldumeðlim en 17% kvenna í rannsóknarhópi nefndi þann valkost, samanborið við 6% kvenna í samanburðarhópnum. Sjá töflu 71.

Þá voru konur í rannsóknarhópi líklegri en karlar í TR-úrtaki til að nefna fyrrverandi maka en 18% karla svaraði á þá leið. Karlar voru hins vegar líklegri til að segja að það hefði verið einhver ókunnugur, eða 65% samanborið við 11% kvenna í rannsóknarhópi (tafla 72).

### Tafla 70. Hver eða hverjir hafa beitt þig líkamlegu ofbeldi eftir að þú náðir fullorðinsaldri?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Núverandi maki | 18 | 7% | 7% |
| Fyrrverandi maki | 123 | 45% | 45% |
| Annar fjölskyldumeðlimur | 29 | 11% | 11% |
| Yfirmaður eða samstarfsfólk | 7 | 3% | 3% |
| Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni | 59 | 22% | 22% |
| Einhver annar sem þú þekktir | 41 | 15% | 15% |
| Ókunnug(ur) | 62 | 23% | 23% |
| **Fjöldi svara** | **339** | **124%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 10 | | |
| **Alls** | **349** | | |

### Tafla 71. Hver eða hverjir hafa beitt þig líkamlegu ofbeldi eftir að þú náðir fullorðinsaldri? – Samanburðar- og rannsóknarhópur

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Núverandi maki** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 93% | 8% | 107 | 8% |
| Samanburðarhópur | 92% | 8% | 126 | 8% |
| **Fyrrverandi maki*** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 43% | 57% | 107 | 57% |
| Samanburðarhópur | 56% | 44% | 126 | 44% |
| **Annar fjölskyldumeðlimur*** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 83% | 17% | 107 | 17% |
| Samanburðarhópur | 94% | 6% | 126 | 6% |
| **Yfirmaður eða samstarfsfólk** *óg* | | | | |
| Rannsóknarhópur | - | - | - | |
| Samanburðarhópur | - | - | - | |
| **Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 80% | 20% | 107 | 20% |
| Samanburðarhópur | 73% | 27% | 126 | 27% |
| **Einhver annar sem þú þekktir** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 90% | 10% | 107 | 10% |
| Samanburðarhópur | 83% | 17% | 126 | 17% |
| **Ókunnug(ur)** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 89% | 11% | 107 | 11% |
| Samanburðarhópur | 81% | 19% | 126 | 19% |

Marktækur munur er á hópum; *$p$ < 0,05, **$p$ < 0,01, ***$p$ < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 72. Hver eða hverjir hafa beitt þig líkamlegu ofbeldi eftir að þú náðir fullorðinsaldri? – TR-úrtak**

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| **Núverandi maki** *óg* | | | |
| Karl | - | - | - |
| Kona | - | - | - |
| **Fyrrverandi maki*** ** | | | |
| Karl | 83% | 18% | 40 |
| Kona | 43% | 57% | 107 |
| **Annar fjölskyldumeðlimur** | | | |
| Karl | 93% | 8% | 40 |
| Kona | 83% | 17% | 107 |
| **Yfirmaður eða samstarfsfólk** *óg* | | | |
| Karl | - | - | - |
| Kona | - | - | - |
| **Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni** | | | |
| Karl | 90% | 10% | 40 |
| Kona | 80% | 20% | 107 |
| **Einhver annar sem þú þekktir** | | | |
| Karl | 78% | 23% | 40 |
| Kona | 90% | 10% | 107 |
| **Ókunnug(ur)*** ** | | | |
| Karl | 35% | 65% | 40 |
| Kona | 89% | 11% | 107 |

Marktækur munur er á hópum; *$p$ < 0,05, **$p$ < 0,01, ***$p$ < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Yfir helmingur (56%) þeirra sem hafði orðið fyrir andlegu ofbeldi eða einelti sem barn sagðist hafa orðið fyrir því reglulega, a.m.k. nokkrum sinnum á ári. Tveir af hverjum fimm sagðist hafa orðið fyrir því í nokkur skipti og þrír af hundraði einu sinni (tafla 73).

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar samanburður var gerður á milli hópa (sjá myndir 90 og 91).

**Tafla 73. Sem barn, varst þú fyrir andlegu ofbeldi eða einelti einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Ég varð fyrir því einu sinni | 17 | 3% |
| Ég varð fyrir því í nokkur skipti | 213 | 40% |
| Ég varð reglulega fyrir því á tímabili (a.m.k. nokkrum sinnum á ári) | 298 | 56% |
| **Fjöldi svara** | **528** | **100%** |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 846 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 90. Sem barn, varst þú fyrir andlegu ofbeldi eða einelti einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 91. Sem barn, varst þú fyrir andlegu ofbeldi eða einelti einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – TR-úrtak**

Þátttakendur sem höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi eða einelti á fullorðinsárum sögðu flestir að þeir höfðu orðið fyrir því reglulega, a.m.k. nokkrum sinnum á ári, eða 53% svarenda. Rúmlega þriðjungur svarenda (36%) hafði orðið fyrir því í nokkur skipti, 8% orðið fyrir því einu sinni og 2% að þeir byggju, eins og staðan væri nú, við andlegt ofbeldi eða einelti (tafla 74).

Ekki var um tölfræðilega marktækan mun að ræða í samanburði á milli hópa (sjá myndir 92 og 93).

**Tafla 74. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir andlegu ofbeldi eða einelti einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Hef orðið fyrir því einu sinni | 45 | 8% |
| Hef orðið fyrir því í nokkur skipti | 195 | 36% |
| Varð á tímabili fyrir því reglulega, a.m.k. nokkrum sinnum á ári | 290 | 53% |
| Ég bý við andlegt ofbeldi/einelti | 13 | 2% |
| **Fjöldi svara** | **543** | **100%** |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 831 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 92. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir andlegu ofbeldi eða einelti einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 93. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir andlegu ofbeldi eða einelti einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – TR-úrtak**

Þegar þátttakendur voru spurðir að því hver eða hverjir það höfðu verið sem höfðu beitt þá andlegu ofbeldi eða lagt þá í einelti á fullorðinsárum nefndu flestir yfirmann eða annað samstarfsfólk, eða 55% svarenda. Þá nefndu 38% fyrrverandi maka og 18% annan fjölskyldu-meðlim. Sjá nánari útlistun svara í töflu 75.

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en bæði konur í samanburðarhópi og karlar í TR-úrtaki til að hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi eða einelti fyrrverandi maka, eða 48% samanborið við þriðjung kvenna í samanburðarhópi (tafla 76) og 32% karla (tafla 77). Þá voru konur í rannsóknarhópi einnig líklegri til að nefna annan fjölskyldumeðlim (24%) en konur í

samanburðarhópi (13%), en ólíklegri en karlar til að nefna einhvern ókunnugan (3% samanborið við 12%).

### Tafla 75. Hver eða hverjir hafa beitt þig andlegu ofbeldi eða lagt þig í einelti eftir að þú náðir fullorðinsaldri?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Núverandi maki | 32 | 6% | 6% |
| Fyrrverandi maki | 210 | 38% | 38% |
| Annar fjölskyldumeðlimur | 100 | 18% | 18% |
| Yfirmaður eða samstarfsfólk | 300 | 55% | 55% |
| Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni | 56 | 10% | 10% |
| Einhver annar sem þú þekktir | 72 | 13% | 13% |
| Ókunnug(ur) | 18 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **788** | **144%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 12 | | |
| **Alls** | **800** | | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

### Tafla 76. Hver eða hverjir hafa beitt þig andlegu ofbeldi eða lagt þig í einelti eftir að þú náðir fullorðinsaldri? – Samanburðar- og rannsóknarhópur

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Núverandi maki** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 96% | 4% | 199 | 4% |
| Samanburðarhópur | 92% | 8% | 290 | 8% |
| **Fyrrverandi maki*** ** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 52% | 48% | 199 | 48% |
| Samanburðarhópur | 67% | 33% | 290 | 33% |
| **Annar fjölskyldumeðlimur**** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 76% | 24% | 199 | 24% |
| Samanburðarhópur | 87% | 13% | 290 | 13% |
| **Yfirmaður eða samstarfsfólk** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 48% | 52% | 199 | 52% |
| Samanburðarhópur | 42% | 58% | 290 | 58% |
| **Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 93% | 7% | 199 | 7% |
| Samanburðarhópur | 88% | 12% | 290 | 12% |
| **Einhver annar sem þú þekktir** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 84% | 16% | 199 | 16% |
| Samanburðarhópur | 90% | 10% | 290 | 10% |
| **Ókunnug(ur)** óg | | | | |
| Rannsóknarhópur | 97% | 3% | 199 | 3% |
| Samanburðarhópur | 98% | 2% | 290 | 2% |

Marktækur munur er á hópum; *$p$ < 0,05, **$p$ < 0,01, ***$p$ < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

### Tafla 77. Hver eða hverjir hafa beitt þig andlegu ofbeldi eða lagt þig í einelti eftir að þú náðir fullorðinsaldri? – TR-úrtak

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| **Núverandi maki** *óg* | | | |
| Karl | - | - | - |
| Kona | - | - | - |
| **Fyrrverandi maki*** | | | |
| Karl | 68% | 32% | 59 |
| Kona | 52% | 48% | 199 |
| **Annar fjölskyldumeðlimur** | | | |
| Karl | 76% | 24% | 59 |
| Kona | 76% | 24% | 199 |
| **Yfirmaður eða samstarfsfólk** | | | |
| Karl | 51% | 49% | 59 |
| Kona | 48% | 52% | 199 |
| **Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni** *óg* | | | |
| Karl | 88% | 12% | 59 |
| Kona | 93% | 7% | 199 |
| **Einhver annar sem þú þekktir** | | | |
| Karl | 81% | 19% | 59 |
| Kona | 84% | 16% | 199 |
| **Ókunnug(ur)**** | | | |
| Karl | 88% | 12% | 59 |
| Kona | 97% | 3% | 199 |

Marktækur munur er á hópum; *$p$ < 0,05, **$p$ < 0,01, ***$p$ < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Um þriðjungur þeirra sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn hafði orðið fyrir því einu sinni, tæplega helmingur, eða 47% svarenda, varð fyrir því nokkrum sinnum og um fimmtungur (19%) varð reglulega fyrir því, eða nokkrum sinnum á ári á tímabili. Sjá töflu 78.

Ekki var um tölfræðilega marktækan mun að ræða þegar samanburður var gerður á svörum eftir því hvaða hópi þátttakendur tilheyrðu (sjá myndir 94 og 95).

### Tafla 78. Sem barn, varst þú fyrir kynferðislegu ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Ég varð fyrir því einu sinni | 106 | 34% |
| Ég varð fyrir því í nokkur skipti | 144 | 47% |
| Ég varð reglulega fyrir því á tímabili (a.m.k. nokkrum sinnum á ári) | 59 | 19% |
| **Fjöldi svara** | **309** | **100%** |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 1065 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 94. Sem barn, varst þú fyrir kynferðislegu ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 95. Sem barn, varst þú fyrir kynferðislegu ofbeldi eða einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – TR-úrtak**

Álíka margir, sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á fullorðinsaldri, höfðu orðið fyrir því einu sinni eða í nokkur skipti, eða 42% og 43% svarenda. Fjórtán af hundraði höfðu orðið fyrir því reglulega, þ.e. að minnsta kosti nokkrum sinnum á ári (sjá töflu 79).

Ekki var um tölfræðilega marktækan mun að ræða á milli hópa (mynd 96) og fjöldi svara í TR-úrtaki var innan greiningarmarka.

**Tafla 79. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir kynferðislegu ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Hef orðið fyrir því einu sinni | 109 | 42% | 42% |
| Hef orðið fyrir því í nokkur skipti | 112 | 43% | 43% |
| Varð á tímabili fyrir því reglulega, a.m.k. nokkrum sinnum á ári | 37 | 14% | 14% |
| **Fjöldi svara** | **258** | **100%** | |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 1116 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 96. Eftir að hafa náð fullorðinsaldri, varst þú fyrir kynferðislegu ofbeldi einu sinni, í nokkur skipti eða reglulega? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

Flestir af þeim sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eftir að hafa komist á fullorðinsaldur sögðu að einhver annar en núverandi eða fyrrverandi maki eða annar fjölskyldumeðlimur, yfirmaður eða samstafsmaður, þjónustunotandi, nemandi eða annar sem viðkomandi veitti þjónustu í vinnunni hefði beitt sig kynferðislegu ofbeldi, eða 41% svarenda. Um þriðjungur (32%) nefndi fyrrverandi maka, 30% einhvern ókunnugan og 14% yfirmann eða samstarfsfélaga. Sjá nánari dreifingu svara í töflu 80.

Ekki reyndist um tölfræðilega marktækan mun að ræða á milli hópa (tafla 81) og var fjöldi svara innan greiningarmarka í TR-úrtaki.

**Tafla 80. Hver eða hverjir hafa beitt þig kynferðislegu ofbeldi eftir að þú náðir fullorðinsaldri?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda* | |
|---|---|---|---|
| Núverandi maki | 3 | 1% | 1% |
| Fyrrverandi maki | 82 | 32% | 32% |
| Annar fjölskyldumeðlimur | 15 | 6% | 6% |
| Yfirmaður eða samstarfsfólk | 36 | 14% | 14% |
| Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni | 7 | 3% | 3% |
| Einhver annar sem þú þekktir | 105 | 41% | 41% |
| Ókunnug(ur) | 77 | 30% | 30% |
| **Fjöldi svara** | **325** | **127%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 8 | | |
| **Alls** | **333** | | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

## Tafla 81. Hver eða hverjir hafa beitt þig kynferðislegu ofbeldi eftir að þú náðir fullorðinsaldri? Samanburðar- og rannsóknarhópur

| | Ekki merkt við | Merkt við | Fjöldi svara | |
|---|---|---|---|---|
| **Núverandi maki** *óg* | | | | |
| Rannsóknarhópur | - | - | - | |
| Samanburðarhópur | - | - | - | |
| **Fyrrverandi maki** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 62% | 38% | 99 | 38% |
| Samanburðarhópur | 72% | 28% | 152 | 28% |
| **Annar fjölskyldumeðlimur** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 95% | 5% | 99 | 5% |
| Samanburðarhópur | 94% | 6% | 152 | 6% |
| **Yfirmaður eða samstarfsfólk** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 87% | 13% | 99 | 13% |
| Samanburðarhópur | 86% | 15% | 152 | 15% |
| **Þjónustunotandi, nemandi eða annar sem þú veittir þjónustu í vinnunni** *óg* | | | | |
| Rannsóknarhópur | - | - | - | |
| Samanburðarhópur | - | - | - | |
| **Einhver annar sem þú þekktir** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 61% | 39% | 99 | 39% |
| Samanburðarhópur | 59% | 41% | 152 | 41% |
| **Ókunnug(ur)** | | | | |
| Rannsóknarhópur | 74% | 26% | 99 | 26% |
| Samanburðarhópur | 67% | 33% | 152 | 33% |

Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

*óg* merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Af þeim þátttakendum sem höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi hafði helmingur leitað sér aðstoðar sérfræðings til að vinna úr afleiðingum ofbeldis (tafla 82).

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri en bæði konur í samanburðarhópi og karlar í TR-úrtaki til að hafa leitað sér aðstoðar, eða 60% samanborið við 44% kvenna í samanburðarhópi (mynd 97) og 47% karla (mynd 98).

## Tafla 82. Hefur þú einhvern tíma leitað þér aðstoðar sérfræðings til að vinna úr afleiðingum ofbeldis?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 477 | 50% | 50% |
| Já | 468 | 50% | 50% |
| **Fjöldi svara** | **945** | **100%** | |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 429 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 97. Hefur þú einhvern tíma leitað þér aðstoðar sérfræðings til að vinna úr afleiðingum ofbeldis? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 98. Hefur þú einhvern tíma leitað þér aðstoðar sérfræðings til að vinna úr afleiðingum ofbeldis? – TR-úrtak**

Þátttakendur voru því næst spurðir hvort þeir ættu eða hefðu einhvern tíma átt við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða eða vanda vegna ávanabindandi lyfja. Mikill meirihluti svaraði því neitandi, eða 88%, tíundi hver sagði að hann hefði áður átt við slíkan vanda að etja og þrír af hundraði að þeir ættu við slíkan vanda að stríða í dag (tafla 83).

Ekki reyndist um tölfræðilega marktækan mun að ræða þegar samanburður var gerður á konum í rannsóknar- og samanburðarhópi (mynd 99) en fyrrnefndi hópurinn var ólíklegri en karlar í TR-úrtaki til að svara játandi. Um þriðji hver (34%) karl sagðist þannig eiga eða hafa átt við slíkan vanda að stríða, samanborið við tíundu hverju konu í rannsóknarhópi (mynd 100).

**Tafla 83. Átt þú, eða hefur þú einhvern tíma átt, við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða eða vanda vegna ávanabindandi lyfja?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 1173 | 88% | 88% |
| Já, áður en það er ekki vandi í dag | 131 | 10% | 10% |
| Já, á við slíkan vanda að stríða í dag | 34 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **1338** | **100%** | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 36 | | |
| **Alls** | **1374** | | |




**Mynd 99. Átt þú, eða hefur þú einhvern tíma átt, við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða eða vanda vegna ávanabindandi lyfja? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 100. Átt þú, eða hefur þú einhvern tíma átt, við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða eða vanda vegna ávanabindandi lyfja? – TR-úrtak**

Þá voru kvenkynsþátttakendur spurðir að því hvort þeir ættu að baki erfiða fæðingarreynslu. Rúmlega sex konur af hverjum tíu (61%) sögðu svo ekki vera en 39% svöruðu því játandi. Sjá töflu 84.

Ekki reyndist um tölfræðilega marktækan mun að ræða í samanburði á milli hópa (mynd 101).

**Tafla 84. Átt þú að baki erfiða fæðingarreynslu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Nei | 606 | 61% |
| Já | 382 | 39% |
| **Fjöldi svara** | **988** | **100%** |
| Á ekki við / veit ekki / vil ekki svara | 386 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 101. Átt þú að baki erfiða fæðingarreynslu? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**

Að lokum voru þátttakendur spurðir að því hvort þeir hefðu misst barn. Níu af hverjum tíu svaraði því neitandi en tíu af hundraði þátttakenda sagðist hafði misst barn (tafla 85).

Ekki var tölfræðilega marktækur munur til staðar þegar svör voru greind nánar eftir hópum. Sjá myndir 102 og 103.

**Tafla 85. Hefur þú misst barn?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Nei | 1154 | 90% |
| Já | 134 | 10% |
| **Fjöldi svara** | **1288** | **100%** |
| Veit ekki / vil ekki svara | 86 | |
| **Alls** | **1374** | |




**Mynd 102. Hefur þú misst barn? – Samanburðar- og rannsóknarhópur**




**Mynd 103. Hefur þú misst barn? – TR-úrtak**

# NIÐURLAG

Rannsókninni sem skýrslan byggir á var ætlað að afla aukinnar þekkingar á því hvers vegna konur á aldrinum 50–66 ára eru líklegri en karlar til þess að fá örorkulífeyri. Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir á samanburði á aðstæðum og reynslu fólks eftir því hvort um sé að ræða karl eða konu sem fær örorkulífeyri annars vegar og hins vegar með samanburði á konum sem fá örorkulífeyri og úrtaki kvenna á sama aldri úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Hafa ber í huga að aðferðafræði rannsóknarinnar byggir á því að greina mun á milli hópa fyrst og fremst en er ekki til þess fallin að hægt sé að fullyrða um hvort um orsakasambönd sé um að ræða. Hins vegar gefur skýrslan vísbendingar um mögulega áhrifaþætti og leiðir í ljós breytileika í reynslu og aðstæðum fólks eftir stöðu þeirra m.t.t. örorku og kyns.

Að því sögðu má leiða að því líkum að reynsla kvenna sem fá greiddan örorkulífeyri, m.t.t. neðangreindra þátta, tengist því að konur á aldrinum 50–66 ára séu líklegri en karlar til þess að fá örorkulífeyri – þ.e. þeirrar reynslu sem var tilkomin áður en þær fóru fyrst að finna fyrir þeim heilsufarsvanda sem varð til þess að þær fengu örorkumat.

Niðurstöður sýna þannig að töluverður munur var á svörum þátttakenda eftir því hvaða greiningarhópi þeir tilheyrðu. Konur í rannsóknarhópi (þ.e. konur sem fengu greiddan örorkulífeyri) voru með lægra menntunarstig en konur í samanburðarhópi, lægri heimilistekjur og voru líklegri til þess að segja að það hafi reynst erfitt að ná endum saman fjárhagslega misserin áður en þær fóru að finna fyrir þeim heilsufarsvanda sem varð til þess að þær fengu örorkulífeyri (konur í samanburðarhópi voru beðnar um að hafa sl. tíu ár í huga í samanburði). Þá voru konur í rannsóknarhópi ólíklegri til að búa í eigin húsnæði en líklegri til þess að hafa skilið eða slitið sambúð og að hafa verið sagt upp leiguhúsnæði eða misst eigin íbúðarhúsnæði.

Algengara var að konur í rannsóknarhópi hefðu verið í vaktavinnu og starfað við heilbrigðis- og/eða félagsþjónustu en konur í samanburðarhópi, áður en þær hurfu af vinnumarkaði. Hlutfallslega fleiri höfðu lent oft í því að þurfa að vinna í óþægilegri líkamsstellingu, lyfta þungu eða nota endurteknar hreyfingar við vinnu. Þá voru þær líklegri til þess að hafa þurft að fást við krefjandi félagslega eða tilfinningalega erfiðar aðstæður á vinnustað og hlutfallslega fleiri höfðu upplifað það að hafa oft orðið andlega og líkamlega úrvinda eftir vinnudaginn en konur í samanburðarhópi.

Hlutfallslega fleiri konur í rannsóknarhópi höfðu verið einstætt foreldri en bæði konur í samanburðarhópi og karlar í TR-úrtaki. Þær voru einnig líklegri en konur í samanburðarhópi og karlar í TR-úrtaki til þess að hafa átt barn eða börn sem höfðu verið langveik, greind með röskun eða skerðingu. Þá voru þær jafnframt líklegri en konur í samanburðarhópi til að hafa átt börn sem glíma eða glímdu við áfengis- eða fíkniefnavanda. Umönnun barna, hvort sem þau voru yngri eða eldri en 18 ára, var oftar alfarið á herðum þeirra en kvenna í samanburðarhópi eða karla í TR-úrtaki.

Konur í rannsóknarhópi voru líklegri til þess að hafa orðið fyrir ofbeldi, hvort sem var líkamlegu eða andlegu, en konur í samanburðarhópi – bæði sem börn og fullorðnir einstaklingar. Þá voru þær líklegri en karlar til þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Þær voru jafnframt líklegri til þess að hafa orðið fyrir heimilisofbeldi af hendi fyrrverandi maka en konur í samanburðarhópi og á það við um bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi.

# HEIMILDIR

Ásdís Arnalds og Karl Sigurðsson. (2023). *Aðstæður og líðan fólks í aðdraganda veikindaleyfis. Staða þeirra sem fengu sjúkradagpeninga frá sjúkrasjóðum árin 2018 og 2019*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ásdís Arnalds, Guðbjört Guðjónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir. (2022). *Einkenni starfa, vinnuumhverfi og ástæður brotthvarfs af íslenskum vinnumarkaði*. Félagsvísindastofnun Íslands.

Tryggingastofnun. (2025a). Gagnvirk tölfræði TR. Sótt af: https://island.is/s/tryggingastofnun/gagnvirk-toelfraedi-tr

Tryggingastofnun. (2025b). *Ársskýrsla 2024*. Sótt af: https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6pqa7Sd0gblviHk7TvTN1A/984e03cd09c0ab6e5079e9e8d67cfca5/TR_Arsskyrsla_2024.pdf